

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

19

NÓVEMBER 1998





Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglaneðnd, Fuglaverndarfélag Íslands, Lffræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt sem að fuglum lýtur.

Ritnefnd Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Bráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla: Náttúrufræðistofni un Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. – Sími: 562 9822. – Bréfasími: 562 0815. – Tölvupóstur: bliki@nattfs.is.

Áskrift: Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með giróseðli (giróreikningur nr. 29822-0). Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá ritið við útgáfu.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra **Blika** á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Bliki is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, the Icelandic Society for the Protection of Birds, the Institute of Biology (University of Iceland), and birdwatchers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries and figure and table texts in English are provided, except for some shorter notes.

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Bráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

Circulation: Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. – Phone: +354-562 9822. – Fax: +354-562 0815. – E-mail: bliki@nattfs.is.

Subscription: *Bliki* appears at least once each year. Each issue is priced and charged for separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the magazine, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0). Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Articles and contributions should be sent to the editor. Authors of major articles receive 25 reprints, free of charge.

© 1998 Bliki – ISSN 0256-4181

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.
Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / BLIKI
Filmugerð og litgreining: Prentsmiðjan Grafík hf.
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Grafík hf.

Forsíðumynd – *Front cover:*

Jaðrákan *Limosa limosa*, kvenfugl, við Ystabæ í Hrísey.
15. júní 1998.
Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Þð, þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý) are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists “HEIMILDIR” Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Fæða sex tegunda sjófugla við Ísland að sumarlagi

Inngangur

Fæða íslenskra sjófugla hefur lítið verið athuguð til þessa, þótt stofnar sumra tegunda séu mjög stórir (Arþór Garðarsson 1995, 1996). Fjöldi sjófugla við Ísland og mikil orkuþörf þeirra (t.d. Birt-Friesen o.fl. 1989) gefur tilefni til að ætla að það magn fæðu sem fuglarnir þurfa sé mikið samanborið við ýmsa aðra dýrahópa í hafinu. Rannsóknir á fæðu íslenskra sjófugla eru því nauðsynlegar til skilnings á fæðuvef hafsins umhverfis Ísland. Fyrir Íslendinga er það einnig áhugaverð spurning hvort át sjófugla tengist á einhvern hátt nýtingu okkar á auðlindum hafsins. Talið er að fæða sjófugla endurspegli að einhverju leyti dýralífið í sjónum á hverjum tíma (Ogi 1980, Ashmole & Ashmole 1986) og því geta rannsóknir á fæðu fugla

anna veitt upplýsingar um ástand stofna þeirra dýra sem fuglarnir éta helst. Athuganir á fæðu sjófugla varpa einnig ljósi á lifnaðarhætti þeirra og vistfræðileg tengsl við ýmsar aðrar lífverur í hafinu.

Það hefur lengi verið þekkt að á Íslandi er mergð sjófugla mikil að sumarlagi (Tóning 1930). Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að áætla fjölda fuglanna og ber þar hæst talningar Þorsteins Einarssonar (1979) á langvíu og stuttnefju auk grófari áætlana á stofnstærðum annarra tegunda (Ævar Petersen 1982). Á allra síðustu árum hafa verið birtar niðurstöður yfirgripsmikilla talninga á fjölda veipandi sjófugla. Samkvæmt þeim eru sex algengustu tegundir sjófugla hér við land álka *Alca torda*, langvía *Uria aalge*, stuttnefja *U.*



1. mynd. Lundi á Breiðafirði. – *Puffin in Breiðafjörður, W Iceland.* – Kristján Lilliendahl.

lomvia, lundi *Fratercula arctica* (1. mynd), rita *Rissa tridactyla* og fyll *Fulmarus glacialis* (Arnbór Garðarsson 1995, 1996, munnl. uppl.). Tiltækar upplýsingar um fæðu þessara tegunda í NA-Atlantshafi koma einkum erlendis frá (sjá Cramp & Simmons 1977, 1982, Cramp 1985, Bradstreet & Brown 1985). Samkvæmt þeim er sumarfæða svartfugla (álku, langvíu og stuttnefju), lunda og ritu einkum smávaxnir torfufiskar eins og til dæmis loðna *Mallotus villosus*, síli *Ammodytes* spp. og síld *Clupea harengus*. Ýmsar tegundir sviflægra krabbadýra eru einnig étnar að sumarlagi en yfirleitt í minna magni en fiskmetið. Fæða fýls er aftur á móti talin vera að stórum hluta útkast frá fiskiskipum.

Þær athuganir sem gerðar hafa verið á fæðu sjófugla við Ísland eru smáar í sniðum, hafa beinst að fáum tegundum og með einni undantekningu fjallað um vetrarfæðu þeirra. Að vetrarlagi virðist fæða svartfugla á grunnslóð við Ísland vera breytileg eftir landshlutum. Undan Suðvesturlandi var síli aðalfæða langvíu og álku en síld skipti verulegu máli sem fæða í desember (Kristján Lillendahl 1984, 1990). Við Norðurland hefur vetrarfæða svartfugla verið athuguð á Eyjafirði og Skjálfanda. Þar var fæðan bæði fjölbreyttari og breytilegri en fyrir sunnan. Mikilvægustu fæðuhóparnir voru loðna, ljósátu- tegundir (einkum *Thysanoessa* spp.), síld og marflær (einkum af ættinni Hyperidae). Auk þess virðast síli og fiskar af ætt mjóna (Lumpenidae) stundum skipta talsverðu máli sem fæða norðlenskra svartfugla (Jón Eldon 1973, Kristján Lillendahl 1984, 1990, Sigurður Gunnarsson & Jónbjörn Pálsson 1988). Upplýsingar um vetrarfæðu sjófugla frá öðrum stöðum við landið liggja ekki fyrir.

Athuganir á sumarfæðu sjófugla við Ísland eru enn fátæklegrar. Eina rannsóknin sem gerð hefur verið, auk þessarar, beindist að fæðu svartfugla og lunda fyrir austan land og vestan. Aðalfæða þessara tegunda fugla fyrir vestan land var álitin seiði

þorskfiska (Gadidae) en fyrir austan átu svartfuglar aðallega þyrskling *Gadus morhua*, loðnu og síli (Tóning 1930). Útdráttur úr ritgerð Tóning birtist árið 1931 í íslenskri þýðingu Árna Friðrikssonar í tímaritunum Náttúrufræðingnum og Ægi. Ætla má að þessar niðurstöður séu grundvöllur þeirrar útbreiddu skoðunar hér á landi að sjófuglar éti einkum smáa þorskfiska.

Vegna takmarkaðrar þekkingar á fæðu sjófugla hér við land hófust árið 1994 rannsóknir á fæðu sjófugla á Hafrannsóknastofnuninni. Þær hafa beinst að fæðu sex stærstu stofna íslenskra sjófugla og verið einskorðaðar við fæðu fullvaxinna fugla að sumarlagi. Þessari ritgerð er fjallað um niðurstöður rannsókna á fæðu álku, langvíu, stuttnefju, lunda, ritu og fýls. Talið er að fjöldi fugla þessara tegunda sé mestur hér við land á varptíma og geti þá numið samtals um 18 milljónum (1. tafla). Samsetning fæðu fuglanna er notuð til þess að áætla hve mikið umræddar tegundir éta hér við land að sumarlagi. Hér er leitast við að gefa yfirlit yfir fæðu fuglanna og át þeirra en nánari grein er gerð fyrir aðferðum og niðurstöðum annars staðar (Kristján Lillendahl & Jón Sólmundsson 1997a, 1997b).

Aðferðir

Fullorðnum fuglum var safnað umhverfis Ísland (innan íslenskrar efnahagslögsögu) að sumarlagi árin 1994 og 1995, alls 1481 fúgl (1. tafla). Svartfuglar, lundar og fýlar voru skotnir þar sem þeir vi tust vera í ætisleit á sjónum en flestar ritur voru skotnar á flugi í átt til lands. Fyrri sumarið voru einkum notaðir smábátar til sýna-söfnunar en seinna sumarið var allra sýna afluð af r/s Dröfn. Skömmu eftir að fuglum var safnað voru magarnir fjarlægðir, þeir opnaðir og settir ásamt innihaldinu í alkóhól. Fuglarnir voru síðan frýstir til frekari athugunar síðar.

Fjöldi fugla er mismikill eftir landshlutum og útbreiðsla tegundanna ólík. Því skiptum við hafinu umhverfis Ísland í

1. tafla. Áætlaður fjöldi einstaklinga (að næsta þúsundi) sex tegunda sjófugla við Ísland á varptíma skipt eftir tegundum og svæðum¹ (sjá 2. mynd og aðferðir). Fjöldi veiddra fugla skipt eftir tegundum, auk hlutfalls (%) tómra maga (innan sviga). – *Estimated number of seabirds (to the nearest thousand) of six species of Icelandic seabirds in the breeding period divided between species and areas (Fig. 2). Number of birds of each species collected is shown as well as the percentage of empty stomachs (in parentheses).*

Tegund – Species	Svæði – Sector						Fjöldi maga safnað ² – Stomachs collected ²
	S	V	NV	NA	A	Alls Total	
Langvía – Common murre	243	787	1190	339	31	2590	357 (27)
Stuttnefja – Thick-billed murre	9	313	1067	117	6	1512	123 (18)
Álka – Razorbill	51	606	191	139	1	988	217 (20)
Lundi – Puffin	4522	1064	160	665	931	7342	279 (36)
Rita – Kittiwake	143	194	454	507	77	1375	221 (17)
Fýll – Fulmar	1088	1523	870	653	218	4352	284 (42)
Samtals – Total	6056	4487	3932	2420	1264	18159	1481

¹ Fjöldi svartfugla er byggður á talningum á varpfuglum (Arnþór Garðarsson 1995) og síðan er sá fjöldi margfaldaður með stuðlinum 1,305 (Cairns o.fl. 1990) til að taka tillit til geldfugla. Á sama hátt er fjöldi ritu reiknaður út frá varpfuglum (Arnþór Garðarsson 1996) og margfaldaður með 1,09 (Furness 1978). Fjöldi lunda og fýls er fenginn út frá áætluðum fjölda varpfugla (Arnþór Garðarsson munnl. uppl.) sem síðan er margfaldaður með 1,33 hjá lunda og 1,45 hjá fýl (Furness 1978). – *Numbers of euks are based on counts of breeding birds (Gardarsson 1995) which is multiplied by 1.305 (Cairns et al. 1990) to account for non-breeders. In a similar way numbers of kittiwakes are based on counts of breeding birds (Gardarsson 1996) multiplied by 1.09 (Furness 1978). The numbers of puffins and fulmars are based on estimated numbers of breeding birds (Gardarsson pers. comm.) multiplied by 1.33 and 1.45, respectively (Furness 1978).*


² Hlutfall tómra maga innan sviga – *Percentage of empty stomachs within parenthesis.*

fimm svæði eftir mismunandi dreifingu fuglanna (2. mynd og 1. tafla). Svartfuglar eru flestir fyrir vestan og norðvestan Ísland og eru stærstu byggðirnar í Látrabjargi, Hornbjargi og Hælavíkurbjargi. Lundar eru flestir í Vestmannaeyjum en einnig er talsvert af þeim fyrir vestan land og austan. Mestur fjöldi ritu er á norðanverðu landinu en fýlar eru flestir fyrir sunnan, vestan og norðvestan land (Arnþór Garðarsson 1995, 1996, munnl. uppl.). Vestur-svæðið er ákvarðað þannig að innan þess séu fuglar úr Látrabjargi ríkjandi. Á sama hátt gerum við ráð fyrir því að flestir fuglar undan landinu norðvestanverðu verpi í Horni eða Hælavíkurbjargi. Sjófugla-byggðir við norður- og norðaustur ströndina eru miklu minni en þær sem áður eru nefndar, en stærstar eru Grímsey, Drangey og Langanes. Fyrir austan land má nefna Skrúð og Papey en lang stærsta byggð sjó-

fugla fyrir sunnan land eru Vestmannaeyjar.

Skipting okkar á hafinu umhverfis Ísland í svæði endurspeglar einnig ólíkan uppruna sjávar. Fyrir sunnan og vestan land er sjórinn tiltölulega hlýr og saltur og af suðrænum uppruna. Á Norðvesturlandi gætir áhrifa hlýsjávarins einnig, en þó er mismunandi eftir árum hvort suðlægir straumar eða kaldir straumar norðurhafa eru ríkjandi. Fyrir norðan og austan land er sjórinn yfirleitt svalari og af norðlægum uppruna (Svend-Aage Malmberg 1992).

Á rannsóknastofu var unnið úr magasýnum fuglanna og fæða þeirra greind, oftast til tegunda. Fæðu í mögunum má grófllega skipta í tvo flokka eftir meltingarstigi. Annars vegar er mikið melt fæða sem getur verið nokkurra klukkutíma til einhverra daga gömul, eins og til dæmis fiskbein án holds og hins vegar fersk fæða (með mjúk-



2. mynd. Skipting á hafinu umhverfis sland í fimm svæði út frá mismunandi dreifingu sjófugla og ólíkum uppruna sjávar (sjá aðferðir). Punktar sýna söfnunarstaði fuglanna. – *Icelandic coastal waters divided into sectors based on the distribution of seabird colonies and oceanographic features. Dots indicate the sites where the birds were collected.*

um líkamsveðjum) sem að hámarki er fárra stunda gömul. Ólíkar fæðugerðir meltast mishratt auk þess sem stærð bráðarinnar hefur áhrif á hve lengi ummerki um hana finnast í mögunum. Því byggjum við niðurstöðurnar einungis á ferskri fæðu til þess að forðast ofmat á dýrum með harða líkamshluta sem meltast hægt og forðast vanmat á fljótmetli fæðu. Harðir hlutar ferskra fæðudýra voru mældir og engdarþyngdar sambönd síðan notuð til þess að meta upphaflega votvigt hvers fæðuhóps (sjá Kristján Lillindahl 1990, Kristján Lillindahl & Jón Sólmundsson 1997a). Fyrir hvert svæði var slegið saman niðurstöðum úr öllum mögum hverjar flgategundar og síðan reiknuð út hlutfallsleg þyngd fæðuhópa á svæðinu. Það var gert til að taka tillit til ólíks fjölda fugla og mismunandi fæðu þeirra á svæðunum þannig að niðurstöðurnar gætu gefið heildarmynd af fæðu fuglanna við Ísland.

Við nýtum síðan niðurstöður rannsóknarinnar á fæðu sjófuglanna við útreikninga á heildaráti þeirra á varptíma. Þá er notað reiknilíkan þar sem, auk fæðunnar, verður að áætla orkuþörf hvers fugls, orkuinnihald bráðarinnar, jölda fugla við landið og lengd varptíma þeirra (sjá nánar í Kristján Lillindahl & Jón Sólmundsson 1997a).

Orkuþörf fugla má meta á ýmsan hátt en hér notum við niðurstöður sem fengnar hafa verið með mælingum á tvímerkту vatni. Sú aðferð felur í sér að fugl er veiddur, sprautað í hann merktu vatni af ákveðnum styrk og honum sleppt. Einum til tveimur dögum seinna er fuglinn veiddur aftur og styrkur merktu vatnsins sem þá finnst í blóðinu veitir upplýsingar um orkuveðslu (brúna) fuglsins á tímabilinu. Hérlandis hafa slíkar rannsóknir lítið verið stundaðar og því byggja áætlanir okkar á erlendum niðurstöðum fyrir langvíu, stuttnefju og ritu. Þó eru handbærar upplýsingar um orkuþörf langvíu og stuttnefju á varptíma í Látrabjargi og notum við þær niðurstöður til útreikninga á áti þessara tegunda fyrir vestan og norðvestan land. Beinir mælingar hafa ekki verið gerðar á orkuþörf álku, lunda og fýls og því beitum við ákveðinni reikniðaðferð til að áætla efnaskiptahraða þeirra (2. tafla).

Til að orkuþörf fuglanna haldist í jafnvægi þurfa þeir orku úr fæðunni. Því er nauðsynlegt að vita hve mikil orka á þyngdareiningu fæst úr hverjum fæðuhópi. Orkuinnihald dýra endurspeglar oftast hlutfall fitu í vefjum og er því mismunandi á milli tegunda. Það getur einnig verið breytilegt eftir aldri dýrsins og árstíma sem skiptir máli varðandi loðnuna því af henni

2. tafla. (A) Áætluð dagleg orkuþörf sex tegunda sjófugla við Ísland og (B) orkuinnihald helstu bráðar þeirra, skipt eftir tegundum. – (A) *Estimated daily energy requirement of six Icelandic seabird species and (B) the energy content of their prey species.*

(A) Orkuþörf fugla – *Energy requirement of birds*

Tegund – Species	(kJ/dag) – (kJ/day)
Langvíja – <i>C. murre</i>	1789 ¹ (2034) ²
Stuttnefja – <i>T.-b. murre</i>	2080 ³ (2402) ²
Álka – <i>Razorbill</i>	1245 ⁴
Lundi – <i>Puffin</i>	1065 ⁴
Rita – <i>Kittiwake</i>	795 ⁵
Fýll – <i>Fulmar</i>	821 ⁴

(B) Orkuinnihald bráðar – *Energy content of prey*

Tegund – Species	(kJ/g)
Loðna 0-1 árs	
– <i>Capelin 0-1 years</i>	3,5 ⁶
Loðna 2 ára og eldri	
– <i>Capelin 2 years and older</i>	6,4 ^{6,7}
Sili – <i>Sandeel</i>	6,5 ⁸
Ljósáta – <i>Euphausiids</i>	3,9 ⁹
Önnur fæða – <i>Other food</i>	5,0

Orkuþörf fugla byggist á erlendum niðurstöðum en við útreikninga fyrir álku, lunda og fýll notum við jöfnur sem áætla efnaskiptahraða þeirra¹ og eigin gögn um þyngd álku (632 g, s.d. = 51, n = 214), lunda (510 g, s.d. = 49, n = 267) og fýls (787 g, s.d. = 92, n = 282). Tölur í svigum sýna áætlaða orkuþörf langvíu 2034 kJ/dag (n = 5, s.d. = 922) og stuttnefju 2402 kJ/d (n = 9, s.d. = 523)² sem notuð er á V- og NV-landi. Orkuinnihald bráðar er fengið úr öðrum rannsóknum nema hvað við áætlum orkuinnihald í annarri fæðu og gefum okkur að loðna tveggja ára og eldri sé 10% feitr⁷ og síðan reiknum við út orkuinnihald hennar⁶. – *The energy requirement of birds used are based on published results except for razorbills, puffins and fulmars where we calculate energy requirement from metabolic equations⁴ and our own data on the body mass of razorbills (632 g, s.d. = 51, n = 214), puffins (510 g, s.d. = 49, n = 267) and fulmars (787 g, s.d. = 92, n = 282). Numbers in parentheses show estimates of energy requirement for common murre 2034 kJ/day (n = 5, s.d. = 922) and thick-billed murre 2402 kJ/d (n = 9, s.d. = 523)² used in W and NW sectors. The energy content of prey is based on published results except for our own estimate of the energy content in other food and our calculation⁶ for capelin two years and older, assuming fat content of 10 %.* – Heimildir – References: 1 = Cairns o.fl. 1990, 2 = Erpur S. Hansen & Broddi R. Hansen 1997, 3 = Brekke & Gabrielsen 1994, 4 = Birt-Friesen o.fl. 1989, 5 = Gabrielsen o.fl. 1987, 6 = Montevecchi & Piatt 1984, 7 = Hjálmar Vilhjálmsson 1994, 8 = Harris & Hislop 1978, 9 = Lockyer 1987.

éta fuglarnir alla aldurshópa. Við skiptum loðnu í tvo hópa eftir aldri því yngri loðnan er magrari og orkuminni en sú eldri (2. tafla). Rétt er að geta þess að fuglarnir ná ekki að nýta sér alla orku fæðunnar auk þess sem nýtingin er breytileg á milli fæðuhópa. Sú almenna regla sem við beitum gerir ráð fyrir um 80% nýtingu sjófugla á orkuinnihaldi fæðunnar (Furress 1978).

Vegna útreikninga á heildaráti fuglanna þarf einnig upplýsingar um stofnstærðir tegundanna við landið. Fjöldi varpfugla svartfugla og ritu er allvel þekktur en fjöldi lunda og fýls hefur aðeins verið metinn gróflega. Hlutfall geldfugla í stofnum fugla er breytilegt á milli tegunda, sem að verulegu leyti endurspeglar ólíkan aldur þeirra við kynþroska. Við áætlum fjölda geldfugla í öllum tilfellum og notum til

þess erlendar niðurstöður (1. tafla). Við útreikninga á heildaráti tegundanna gerum við ráð fyrir því að orkuþörf geldfugla og varpfugla sé sú sama.


Þá þarf að skilgreina hve langan tíma fuglarnir eru við björgin. Það er mismunandi eftir tegundum en hér gerum við ráð fyrir 90 dögum.

Niðurstöður

Álka

Þegar á heildina er lítið var loðna um helmingur af sumarfæðu íslenskrar álku, tæplega helmingur var sili en vægi ljósátu (einkum tegundirnar *Thysanoessa inermis* og *Meganyctiphanes norvegica*) og annarra fæðuhópa var lítið (3. mynd).

Fæða álku var frekar einhæf þótt veulegur munur væri á fæðunni eftir lands-



3. mynd. Áætlað heildarátt sex tegunda sjófugla við Ísland að sumri skipti eftir tegundum fígla og fæðuhópum. – An estimate of total summer food consumption of six Icelandic seabird species divided by bird species and food categories.

hlutum. Síli var ríkjandi fæða fyrir austan, sunnan og vestan land. Loðna var aðal-fæða (meira en helmingur) álku fyrir Norðurlandi og mikilvægasta aukafæðan (minna en helmingur) fyrir vestan land. Ljósáta virtist helst skipta máli fyrir álkur frá Vesturlandi en ljósáta fannst auk þess reglulega í fuglum frá Norðurlandi. Aðrir fæðuhópar voru sjaldséðir í álkumögum. Þó fannst lítið eitt af dílasmokki *Gonatus fabricii*, sem er algengur smokkfiskur við Ísland, í fuglum frá Vestur- og Norðvestur-landi og burstaðurinn fjórskeri *Nereis pelagica* kom fyrir í fuglum að vestan (4. mynd).

Langvía

Mikilvægasta fæða langvíu var loðna sem var tæplega tveir þriðju fæðunnar. Vægi sílis var tæpur þriðjungur, en ljósáta og aðrir fæðuhópar skiptu minna máli (3. mynd).


Munur á milli landshluta á fæðu langvíu var svipaður og hjá álku. Fyrir Norðurlandi öllu var loðna ríkjandi sem fæða og fyrir vestan land var loðna mikilvæg aukafæða. Eins og hjá álku var síli aðal-fæða langvíu fyrir austan, sunnan og vestan land. Hæsta hlutfallið var undan Austurlandi þar sem síli var um 90% sumar-fæðunnar. Ljósáta skipti litlu máli fyrir

langvíu en þó fannst lítið eitt í mögum frá Vestur- og Norðurlandi. Aðrir fæðuhópar voru mest áberandi við sunnanvert landið þar sem kolmunni *Micromesistius poutassou* var all mikilvæg aukafæða. Önnur fæða langvíu fyrir vestan og austan land var aðallega dílasmokkur (4. mynd).

Stuttnefja

Loðna reyndist rúmlega helmingur af fæðu stuttnefju að sumarlagi. Ljósáta var um fjórðungur fæðunnar en það bendir til þess að ljósáta skipti stuttnefju meira máli en hinar fuglategundirnar sem athugaðar voru. Vægi sílis var aftur á móti lítið eða einungis um einn fimmti hluti. Heldur meira fannst af öðrum fæðuhópum í stuttnefju samanborið við lunda, ritu og hina svartfuglana (3. mynd).

Fæða stuttnefju var mjög breytileg eftir landshlutum. Eins og hinir svartfuglarnir át stuttnefja aðallega loðnu fyrir norðan land, en auk þess var talsvert af loðnu í fuglum frá Vesturlandi. Hins vegar var síli mikilvægasta fiskmetið fyrir vestan, ríflega tveir þriðju fæðunnar og það var einnig um helmingur fyrir austan land. Ljósáta var um helmingur fæðunnar fyrir austan land og um fjórðungur undan Norðvesturlandi. Aðrir fæðuhópar í stuttnefju voru algengastir fyrir vestan og norðvestan



4. mynd. Sumarfæða (hlutfall votvigta) sex tegunda íslenskra sjófugla, skipt eftir svæðum (sbr. 2. mynd) og fæðuhópum. Fæðuhópar og einkennislitir þeirra eru þeir sömu og við 3. mynd. – *Summer diets (% wet mass) of six Icelandic seabird species divided by areas and food categories. The food categories and their colours are the same as in Fig. 3.*

land. Þar var einkum um að ræða díla-smokk og svíflægar marflær (mest *Gammarus wilkitzki* og *Themisto* spp.), en þessi dýr voru étin við ísröndina út af Vest jörðum. Auk þess fundust marflær og steinbítssæði *Anarhichas lupus* í litlum mæli í fuglum frá Austurlandi (4. mynd).

Lundi

Síli var um þrír jörðu af fæðu lunda sem er hlutfallslega meira en fékkst í hinum tegundunum. Loðna var einnig mikilvæg fæða, en ljósáta og aðrir fæðuhópar skiptu minna máli þegar á heildina er litið (3. mynd).

Eins og hjá svartfuglunum var fæða lunda ólík á milli landshluta. Fyrir sunnan land var nær ekkert annað en síli í mögum lunda og fyrir austan land var síli tæplega tveir þriðju fæðunnar. Undan Vesturlandi var síli einnig mikilvægasta fæða lunda en það var aðeins um tíundi hluti fæðunnar fyrir norðvestan land. Loðna var algerlega ríkjandi sem fæða lunda við Norðausturland og fyrir vestan og norðvestan var loðna ríflega þjórðungur. Ljósáta var um þriðjungur fæðu lunda fyrir austan land og var nálægt 10% undan Norðvesturlandi. Fyrir norðvestan land var fæðan þjölbreyttust og um helmingur hennar voru sviflægar marflær og dílasmokkur, eða sömu fæðuhópar og fundust í stuttnefju þaðan. Undan Vesturlandi vottaði fyrir steinbítsseidum, sviflægum marflóm og dílasmokki í fæðu fuglanna. Þá voru fiskar af ætt mjóna helsta aukafæða lunda fyrir norðaustan og austan land (4. mynd).

Rita

Þegar á heildina er lítið át rita hlutfallslega mest af loðnu af þeim tegundum sem þessi rannsókn náði til. Tæplega 80% sumarfæðunnar var loðna en hlutur sílis var um fimmtungur. Ljósáta og aðrir fæðuhópar virðast hins vegar skipta ritu litlu máli að sumarlagi við Ísland (3. mynd).

Breytileiki fæðunnar eftir landshlutum var svipaður og hjá svartfuglum og lunda. Loðna var lang mikilvægasta fæða ritu fyrir norðan land. Auk þess var loðna rúmlega helmingur fæðunnar fyrir vestan, ríflega þriðjungur fyrir austan og um 15% fyrir sunnan. Fyrir sunnan land var síli mikilvægasta fæða ritu og vægi þess var einnig tæpur helmingur fyrir vestan og um þriðjungur fyrir austan. Mest var af ljósátu fyrir austan land en einnig fannst hún í ritum að sunnan og norðaustan. Aðrir fæðuhópar í ritu voru mest áberandi fyrir austan land, aðallega skóð *Boreogadus saida* auk tilhlæðis af sviflægum marflóm. Undan Norðvesturlandi var helsta aukafæða ritu ísrækja *Hymenodora glacialis*, dílasmokkur, fjóruseri og sviflægar marflær. Við austan-

vert Norðurland át rita ísrækju og sviflægar marflær auk loðunnar (4. mynd).

Fýll

Fæða fýls var verulega frábrugðin fæðu hinna tegundanna því meira en helmingurinn greindist sem önnur fæða, að líkindum aðallega útkast frá fiskiskipum. Auk þess var síli rúmlega fjórðungur af þyngd fæðunnar, loðna var um 10% en vægi ljósátu var lítið (3. mynd).

Í samanburði við aðrar tegundir sjófugla sem voru athugaðar var fæða fýls fjölbreyttust. Auk þess var hún talsvert breytileg eftir landshlutum í kt og hjá hinum tegundunum. Við norðaustanvert landið var fæða fýls að þremur fjórðu rækja *Pandalus borealis* og karfi *Sebastes marinus* frá fiskiskipum. Fyrir Norðvesturlandi virtust tæplega tveir þriðju fæðunnar komnir frá fiskiskipum, einkum fiskar af ætt mjóra *Lycodes* spp., karfi, rækja og ísrækja. Meira en helmingur fæðu fýls fyrir vestan land voru aðrir fæðuhópar, einkum smokkfiskar og marflær. Einnig fundum við þar fugla sem virtust éta hvítleitar flyksur, ekki ósvipaðar smáum snjókornum, úr efstu lögum sjávar. Undan Austurlandi var önnur fæða fýls aðallega rækja og karfi, sennilega fengin frá skipum. Fyrir sunnan land var tæplega helmingur fæðunnar útkast frá fiskiskipum og reyndist aðallega um að ræða kolmunna, gulllax *Argentina silus*, karfa, humar *Nephrops norvegicus* og inn-yfli fiska. Síli var ríflega helmingur fæðu fýls fyrir sunnan land og það var einnig tæp 40% fæðunnar undan Vesturlandi en skipti annars litlu máli. Undan Austurlandi var loðna tæpur helmingur fæðunnar og fyrir norðvestan land var hún ríflega þjórðungur. Einnig kom loðna fyrir í umtalsverðu magni í f. glum frá landinu norðaustanverðu. Vægi ljósátu í fæðu fýls var mest um eða yfir tíundi hluti fæðunnar fyrir norðan og austan land (4. mynd).

Át fi glanna

Áætlað heildarátt þessara sex tegunda sjófugla á varptíma við Ísland var 184.000 tonn af síli, 171.000 tonn af loðnu, 34.000



5. mynd. Fýll á Breiðafirði. – *Fulmar in Breiðafjörður, W Iceland.* – Kristján Lillindahl.

tonn af ljósátu og 52.000 tonn af annarri fæðu (Kristján Lillindahl & Jón Sólmundsson 1997a, 1997b). Vegna mismunandi stofnstærða, útbreiðslu og orkuþarfar fuglanna, vegur át einstakra tegunda misþungt þegar á heildina er litið (3. mynd). Samkvæmt þessum niðurstöðum étur lundi tæp 150.000 tonn af sjávarfangi að sumarlagi hér við land og langvía étur næstmest eða ríflega 100.000 tonn. Hálfdrættingar á við lunda eru síðan stuttnefja og fýll en álka og rita éta minna. Af síli hverfur langmest í lundann en einnig virðast langvía og fýll stórtæk. Á sama hátt eru langvía og stuttnefja þær tegundir sem mest éta af loðnu en át hinna tegundanna jógur er talsvert minna. Ljósáta er mest étin af stuttnefju en þar á eftir koma lundi, langvía og fýll. Varðandi át á öðrum fæðuhópum er hlutur fýls um þrír fjórðu af heildinni og vegur þyngst ýmiskonar útkast frá fiskiskipum (allt að 40.000 tonn) en afgangurinn skiptist nokkuð jafnt á milli lunda, stuttnefju og langvíu (3. mynd).

Umræða

Síli, loðna og ljósáta voru meira en 95% af þyngd sumarfæðu svartfugla, lunda og ritu við Ísland, og skipti fiskmetið mestu máli. Fýll (5. mynd) var frábrugðinn hinum tegundunum í fæðuvali því auk fyrrnefndra fæðuhópa át hann mikið af ýmiskonar útkasti frá fiskibátum, svo sem smákarfa, rækju og slóg. Niðurstöður okkar virðast því í góðu samræmi við erlendar athuganir á sumarfæðu þessara sjófugla annars staðar við Norðaustur-Atlantshaf (sjá Cramp & Simmons 1977, 1982, Cramp 1985, Bradstreet & Brown 1985). Athygli vekur hve mikilvægi fæðuhópa er breytilegt eftir svæðum en það endurspeglar líklega útbreiðslu bráðarinnar að sumri. Fyrir austan, sunnan og vestan Ísland var síli mikilvægasta fæða fuglanna en loðna skipti verulegu máli sem fæða fugla úr Látrabjargi og var ríkjandi í fæðu fugla við norðurströndina. Þótt niðurstöðurnar gefi ekki tilefni til þess að fullyrða um orsök og afleiðingu gæti verið samband á milli fæðu og varpútbreiðslu tegundanna á Íslandi.

Lundi er algengastur þar sem mest er af sili (Gunnar Jónsson 1992), en stuttnefja og rita verpa aðallega þar sem helst er von um loðnu að sumarlagi (Hjálmar Vilhjálmsson 1994).

Stærstu fuglabýggðir Íslands eru í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum (Arnþór Garðarsson 1995, munnl. uppl.). Áður hefur verið bent á þá staðreynd að þessar byggðir eru staðsettar við rekleið ungvíðis þorsks og annarra nytjafiska norður með landinu vestanverðu (Tþning 1930). Tþning (1930) áleit að þarna á milli væri orsakasamband því athuganir hans frá árunum fyrir 1930 bentu til þess að nokkurra mánaða gömul þorsk og ýsuseiði væru helsta sumarfæða svartfugla og lunda á vestanverðu Íslandi. Við finnum þessu enga stoð því niðurstöður okkar sýna mikilvægi silis og loðnu í fæðu fugla þaðan. Samanburður á þessum rannsóknum er þó erfiður þar sem Tþning (1930) tiltekur ekki hversu yfirgripsmikil sýnasöfnun hans var. Þv er ekki hægt að útiloka að tilviljun hafi ráðið miklu um niðurstöður hans. Ef ritgerð Tþning (1930) gefur rétta mynd af fæðu íslenskra sjófugla fyrir um sjötíu árum koma einkum tvær skýringar til greina á þessu misræmi á milli rannsókna.

Að því gefnu að fæða fuglanna endurspegli að einhverju leyti ástandið í hafinu gæti hún hafa breyst á þessu tímabili vegna ólíks fæðuframboðs. Samkvæmt seiðavísitölu Hafrannsóknastofnunarinnar var fjöldi seiða þorsks og ýsu árin 1994 og 1995 í lágmarki (Anon. 1995, 1996). Aftur á móti var fjöldi loðnuseiða um það bil í meðallagi og óbirtar niðurstöður stofnunarinnar benda til þess að fjöldi silisseiða hafi verið yfir meðallagi þessi ár. Það verður að teljast ólíklegt að við slíkar aðstæður séu seiði þorskf ska helsta fæða sjófugla við Vesturland. Ekki er vitað nú hver fjöldi mismunandi tegunda fiskseiða var í hafinu við Ísland á árunum fyrir 1930, en mikil veiði á þorski á þeim tíma bendir til þess að sá stofn hafi verið nokkuð stór (Jón Jónsson 1990).

Í öðru lagi gæti át sjófugla á ungvíði þorskfiska gerst á tiltölulega skömmum tíma og verið bundið við svo takmörkuð svæði að það hafi farið fram hjá okkur. Seiði þorskfiska frá vorinu eru afar smá-vaxin á varptíma sjófugla og því ólíkleg sem fæða, nema þegar þéttleiki seiðanna er mikill í sjónum. Til þess að svo megi verða þarf annaðhvort mikinn fjölda seiða í upphafi eða að þau þéttist vegna ytri aðstæðna. Slíkar aðstæður geta til dæmis skapast á mótum hafstrauma eða þar sem mörg seiði berast með straumum frá ákveðnum hrygningasvæðum. Þá er líklegt að sjófuglar geti étið verulegt magn seiða á stuttum tíma.

Niðurstöðum okkar og Tþning (1930) ber snöggjum betur saman varðandi sumar-fæðu sjófugla við Austurland. Báðar athuganirnar benda á sili og loðnu sem mikilvæga fæðu fuglanna en munurinn á milli þeirra er sá að ungan þorsk fundum við ekki sem fæðu. Ástæðu þess teljum við sömuleiðis geta verið þá að hlutfall tegunda í sjónum fyrir austan hafi verið mismunandi þegar rannsóknirnar voru gerðar.

Í grófum dráttum virðast niðurstöður okkar um sumarfæðuna falla vel að því sem vitað er um veturinn. Þær þrjár athuganir sem gerðar hafa verið á vetrarfæðu sjófugla við Ísland fjalla þó einungis um fæðu fuglanna nálægt landi og því er ekki mögulegt að heimfæra niðurstöður þeirra yfir á stærri hafsvæði (Jón Eldon 1973, Kristján Lilliendahl, 1984, 1990, Sigurður Gunnarsson & Jónbjörn Pálsson 1988). Síli er líklega uppistaðan í fæðu sjófugla við sunnanvert landið næstum árið um kring, en fyrir norðan virðist loðna oftast vera aðalfæða sjófugla.

Varðandi útreikninga okkar á heildarátí fuglanna að sumarlagi viljum við vekja athygli á því að í þeim felast ýmsir óvissuþættir sem geta haft áhrif á niðurstöðurnar. Þeir eru byggðir á meðaltölum, svo sem um fæðu fuglanna og fjölda þeirra, sem vafalaust eru misnákvæm. Einnig getur það valdið skekkjum að nota erlendar niðurstöður um orkuþörf fuglanna og orku-

innihald fæðunnar. Þrátt fyrir þetta teljum við ljóst að át þessara tegunda við Ísland að sumarlagi sé af stærðargráðunni nokkur hundruð þúsund tonn.

Eins og fram hefur komið eru íslenskir sjófuglar bæði margir og þurftaþreikir og því má telja nauðsynlegt að taka tillit til áts sjófugla þegar litið er á samspil lífvera í hafinu hér við land. Til dæmis virðast fuglarnir éta sömu fæðu og margar aðrar tegundir dýra í hafinu, þar með taldar ýmsar tegundir nytjafiska. Ennfremur éta sjófuglar talsvert magn loðnu sem er ein af okkar mikilvægustu nytjategundum. Samspil sjófugla við aðrar lífverur hafsins er þó líklega flókið. Raunar krejast allar vangaveltur um þetta efni nákvæmra upplýsinga um hvernig helstu fæðuhópar fuglanna bregðast við afráni, auk þess sem meta þarf áhrif annarra dýrahópa í því samhengi. Slkar upplýsingar eru enn ekki handbærar hér við land og því verður frekari umræða um mikilvægi faglanna í lífríki hafsins að biða betri tíma.

ÞAKKIR

Við þökkum prófessor Arnþóri Garðarssyni fyrir þarfar ábendingar og aðgang að óbirtum gögnum. Áhöfninni á rannsóknaskipinu Dröfn, Hafsteini Guðfinnssyni, Héðni Jónssyni, Guðmundi Aðalsteinssyni, Kjartani Sigmundssyni, Bjarna Magnússyni, Henning Jóhannessyni, Birgi Albertssyni, Antoni Galan, Val Bogasyni, Ólafi K. Pálssyni og fleirum þökkum við aðstoð við söfnun sjófugla. Ragnhildur Ólafsdóttir, Salome Guðmundsdóttir og Guðbjörg Haraldsdóttir fá þakki fyrir vel unnar greiningar á magasýnum. Höskuldur Björnsson fyrir aðstoð við útreikningana og Albert Stefánsson og Ásgeir Gunnarsson vegna söfnunar annarra sýna. Fyrir lestur handrits þökkum við Ingólfi Lilliendahl, Klöru Jakobsdóttur, Svanhildi Egilsdóttur, Guðmundi A. Guðmundssyni og Arnþóri Garðarssyni.

HEIMILDIR

- Anon. 1995. Þættir úr vistfræði sjávar 1995. – Haf-rannsóknastofnun fjölrit nr. 44.
- Anon. 1996. Þættir úr vistfræði sjávar 1996. – Haf-rannsóknastofnun fjölrit nr. 53.
- Arnþór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fugla-björgum. – Bliki 16: 47-65.
- Arnþór Garðarsson 1996. Ritubyggðir. – Bliki 17: 1-16.
- Ashmole, M. J. & N. P. Ashmole 1986. The use of food samples from sea birds in the study of seasonal variation in the surface fauna of tropical oceanic areas. – Pacific Science 22: 1-10.
- Birt-Friesen, V. L., W. A. Montevecchi, D. K. Cairns & S. A. Macko 1989. Activity-specific metabolic rates of free-living northern gannets and other sea-birds. – Ecology 70: 357-367.
- Bradstreet, M. S. W. & R. G. B. Brown 1985. Feeding ecology of the Atlantic Alcidae. – Bls. 263-318 i: D. N. Nettleship & T. R. Birkhead (ritstj.) The Atlantic Alcidae. – Academic Press, London.
- Brekke, B. & G. W. Gabrielsen 1994. Assimilation efficiency of adult kittiwakes and Brunnich's guillemots fed capelin and arctic cod. – Polar. Biol. 14: 279-284.
- Cairns, D. K., W. A. Montevecchi, V. L. Birt-Friesen & S. A. Macko 1990. Energy expenditures, activity budgets, and prey harvest of breeding common murre. – Studies Avian Biol. 14: 84-92.
- Cramp, S. (ritstj.) 1985. The birds of the Western Palearctic, vol. 4. – Oxford University Press, Oxford.
- Cramp, S. & K. E. L. Simmons (ritstj.) 1977. The birds of the Western Palearctic, vol. 1. – Oxford University Press, Oxford.
- Cramp, S. & K. E. L. Simmons (ritstj.) 1982. The birds of the Western Palearctic, vol. 3. – Oxford University Press, Oxford.
- Erpur S. Hansen & Broddi R. Hansen 1997. Mælingar á orkuneyslu stuttnefju (*Uria lomvia*) og langvíu (*U. aalge*) í Látrabjargi með tvímerkту vatni ($^3\text{H}_2^{18}\text{O}$). – Hafrannsóknastofnun fjölrit nr. 57: 261-271.
- Furness, R. W. 1978. Energy requirements of seabird communities: a bioenergetics model. – J. Anim. Ecol. 47: 39-53.
- Gabrielsen, G. W., F. Mehlum & K. A. Nagy 1987. Daily energy expenditure and energy utilization of free-ranging black-legged kittiwakes. – Condor 89: 126-132.
- Gunnar Jónsson 1992. Íslenskir fiskar. 2. útgáfa, – Fjölvi, Reykjavík.
- Harris, M. P. & J. R. G. Hislop 1978. The food of young puffins *Fra ercula arctica*. – J. Zool. 185: 213-236.
- Hjálmar Vilhjálmsson 1994. The Icelandic capelin stock. – Rit fiskideildar 13: 1-281.
- Jón Eldon 1973. Um fæðu nokkurra sjófugla í Eyja-firði. – Áprentuð námsritgerð við Verkfræði og Raunvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík, 40 bls.
- Jón Jónsson 1990. Hafrannsóknir við Ísland, 2. bindi. – Bókautgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Kristján Lilliendahl 1984. Fæða sjófugla við Ísland. – Bliki 4: 25-27.
- Kristján Lilliendahl 1990. Vetrarfæða svartfugla á grunnslóð við Ísland. – Óbirt ritgerð við Líffræðiskor Háskóla Íslands, 84 bls.
- Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1997a. Sumarfæða sex sjófuglategunda við Ísland. – Hafrannsóknastofnun fjölrit nr. 57: 249-259.
- Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1997b. An

- estimate of summer food consumption of six seabird species in Iceland. – ICES J. Mar. Sci. 54: 23-33.
- Lockyer, C. 1987. Evaluation of the role of fat reserves in relation to the ecology of North Atlantic fin and sei whales. – Bls. 183-203 i: A. C. Huntley, D. P. Costa, G. A. J. Worthy & M. A. Castellini, (ritstj.): Approaches to marine mammal energetics. – Allen Press, Lawrence.
- Montevecchi, W. A. & J. Piatt 1984. Composition and energy contents of mature inshore spawning capelin (*Mallotus villosus*): implications for seabird predators. – Comp. Bioch. and Physiol. A 78: 15-20.
- Ogi, H. 1980. The pelagic feeding ecology of thick-billed murre in the North Pacific, March-June. – Bull. Fac. Fish. Hokkaido Univ. 31: 50-72.
- Sigurður Gunnarsson & Jónbjörn Pálsson 1988. Fuglalíf á og við Skjálfandaflóa að vetri. – Bliki 6: 1-23.
- Svend-Aage Malmberg 1992. Sjórin og miðin. Í: Lífríki sjávar. – Námsgagnastofnun - Hafnansóknastofnunin, Reykjavík.
- Tjining, Å.V. 1930. Sortfugle og fisk ved Island. – Naturens Verden 14: 49-68.
- Þorsteinn Einarsson 1979. Fjöldi langvíu og stuttnefu fúglabjörgum við Ísland. – Náttúrufræðingurinn 49: 221-228.
- Ævar Petersen 1982. Sjófuglar. – Í Arnþór Garðarsson (ritstj.): Fuglar. – Rit Landverndar 8: 15-60.
- mates of breeding puffins and fulmars (Arnþór Garðarsson, pers. comm., Table 1). A total of 1481 stomachs were collected in the summers of 1994 and 1995 at sea around the country. We analysed diets geographically by dividing Icelandic waters into five sectors, based on locations of the largest bird colonies and oceanographic features (Fig. 2). All bird species except the northern fulmar relied heavily on capelin *Mallotus villosus*, sandeel *Ammodytes marinus* and euphausiids as food with the fish species dominating. Pronounced geographical differences in diets were found with capelin being the most important food at the north coast and sandeel in the south. The food of fulmars was different from the others with discards and offal from fishing vessels apparently being a substantial part of the summer diet (Figs. 3 & 4). These results stand in contrast to a seventy year old study in which summer diets of auks and puffins from the west coast of Iceland were claimed to be mainly fish larvae of gadoid species. Both studies, however, identify sandeel and capelin as being important in the summer diets of auks from the east coast. We estimate the total summer (90 days) food consumption of the bird species using a model based on, in addition to the number of birds, number of days, diet composition, energy requirement of birds and energy content of the prey (Table 2). The estimated consumption of the birds is 171.000 t of capelin, 184.000 t of sandeel and 34.000 t of euphausiids, with the largest quantities of sandeel and capelin taken by puffins and common murre, respectively (Fig. 3). The results (treated in more details in Kristján Lillendahl & Jón Sólmundsson 1997b) suggest that seabirds can have an impact on marine food chains in Icelandic waters. Therefore, seabird consumption needs to be taken into account when modelling marine relationships involving the birds prey, e.g. with commercially important fish species.

SUMMARY

The summer diets of six Icelandic seabird species

The summer diets of common murre *Uria aalge*, thick-billed murre *U. lomvia*, razorbills *Alca torda*, puffins *Fratercula arctica*, kittiwakes *Rissa tridactyla* and northern fulmars *Fulmarus glacialis* were analysed. These are the six most numerous seabird species found in Iceland with the combined summer populations estimated at 18 million individuals. This estimate is based on recently published results of breeding auk numbers (Arnþór Garðarsson 1995), breeding kittiwakes (Arnþór Garðarsson 1996) and rougher esti-

Kristján Lillendahl & Jón Sólmundsson, Hafnansóknastofnunin / Marine Research Institute, Skúlagata 4, 101 Reykjavík.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1996

Inngangur

Þetta er átjándi skýrslan um sjaldséða fugla hér á landi og sú sextánda sem birtist í *Blika*. Þær hafa verið gefnar út síðar 1979. Útliti síðustu skýrslu var breytt nokkuð frá því sem áður hefur verið og virðast breytingarnar hafa mælst vel fyrir, a.m.k. kosti höfum við ekki fengið neinar verulegar kvartanir. Enn á ný skal ítrekað að fuglaskoðarar sendi okkur ljósmyndir, þótt ekki sé hægt að lofa því að þær verði allar birtar. Ljósmyndum er skilað sé þess óskað.

Eins og kom fram í síðustu skýrslu hefur flækingsfuglanefnd ákveðið að hætta að fjalla um og birta upplýsingar um svartþresti og gráþresti frá og með haustinu 1994. Eru fuglaskoðarar samt sem áður beðnir að skrá hjá sér og senda sem fyrir upplýsingar um þessar tegundir til nefndarinnar eða Náttúrufræðistofnunar.

Tilgangur flækingsfuglanefndar er að sjá um gerð árlegra skýrslna um sjaldgæfa fugla. Hún er sjálfstæður fulltrúi fuglaskoðara líkt og í öðrum löndum Evrópu, og á tvo fulltrúa í ritnefnd *Blika*. Á hverju ári er einn nýr maður kosinn í nefndina í stað þess sem lengst hefur starfað í henni samfelldt. Fimm menn eru í framboði og kjósa atkvæðamestu fuglaskoðarar landsins einn af þeim til starfa í henni (sjá nánar í inngangi síðustu skýrslu). Kosning til nefndarstarfa fyrir árið 1997 hefur þegar farið fram. Yann Kolbeinsson kemur í stað Gunnlaugs Bráinssonar (sem verður þó ritari áfram) og í stað Jóhanns Óla Hilmarssonar, sem hefur sagt sig úr nefndinni, kemur Björri Arnarson (áður varamaður).

Fuglaathuganir og lýsingar

Annar okkar (GP) hefur samið skráningarforrit fyrir fuglaathuganir, sem kallað

er *Spjald*. Það er gert fyrir PC-tölvur sem nota Windows 3.x eða 95 og er einkum ætlað fyrir skráningu á flækingsfuglum og útprentun tilkynninga um þá. Þeir sem þess óska geta fengið forritið endurgjaldslaust hjá höfundinum með því að skrifa honum bréf eða senda tölvupóst (á netfangið: gpe@vst.is). Notendur Macintosh tölva geta að sjálfsögðu einnig fengið diskling með skráningareyðublaði fyrir flækingsfugla.

Vonandi verður ofangreint forrit til þess að lýsingar á flækingsfuglum verði meiri og tarlegri. Margir eiga auðveldara með að vélrita en handskrifa og sumir geta vélritað hratt. Á tilkynningarblöðunum, sem nú eru í stærðinni A4, er einnig aukið rými fyrir lýsingar og aðrar upplýsingar frá því sem áður var. Það ber því miður of mikið á því að flækingsfuglanefnd fái í hendur lýsingarlausar athuganir á sjaldséðum fuglum. Nefndin hefur stundum ekki treyst sér til að birta annars góðar og gildar athuganir vegna þess. Algengir vetrargestir og umferðarfuglar eru birtir án þess að lýsingar hafi fylgt athugunum. Sama er að segja tegundir sem sjást hér vegna rásfars („invasion“), svo sem silkitoppur og krossnefi, ef þær sjást hér í miklum mæli. Þetta gildi til dæmis um dómpápa veturinn 1994-1995, sem annars eru sjaldgæfir og ekki birtir án þess að lýsing fylgi. Huga þarf sérstaklega að algengari tegundum, sem eiga sér sjaldséða „tvífara“. Nokkur dæmi eru um það frá síðari árum, að fuglar hafi verið rangt greindir vegna þessa og hið sanna fyrst komið í ljós þegar menn gáfu sér meiri tíma til að skoða fuglana í þeim tilgangi að skrifa niður lýsingu. Beiðni um lýsingar er ekki gerð í þeim tilgangi að gera fuglaskoðurum gramt í geði heldur til

að tryggja ákveðinn stöðugleika og trúverðugleika skýrslanna.

Almennt gildir sú regla að ekk þarf að lýsa eftirfarandi tegundum, nema þær komi fyrir utan hefðbundins tíma eða á óvenjulegum stöðum: gráskrofa, gráhegri, brandönd, ljóshöfðaönd, urtönd, taumönd, skeiðönd, skutulönd, æðarkóngur, kynblendingar æðarkóns og æðarfugls, hvínönd, sefhæna, bleshæna, grálóa, vepja, rúkragi, skógarsnipa, lappajaðrakan, jöruspói, ískjói, jallkjói, dvergmáfur, bringdúfa, snæugla, mürsvölungur, landsvala, bæjasvala, hettusöngvari, gransöngvari, gráspör á Hofi í Öræfum, fjallafinka og barrfinka. Sama gildir um silkitoppu, glóbrysting, glókoll, dvergkráku, bláhrafn og krossnef í þeim árum þegar þeirra verður vart í miklum mæli. Öðrum tegundum þarf að lýsa eitthvað og þeim mun meira þess sjaldgæfari sem tegundin er eða torgreindari frá skyldum tegundum.

Yfirlit 1996

Í þessari skýrslu er getið 102 tegunda flækingsfugla sem sást á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 1996. Auk þess eru upplýsingar um þjárlendar undirtegundir eða litarafbrigði af jafnmörgum tegundum slenskra varp- eða umferðafugla (blesgæs, urtönd og fálki). Samtals sást því 105 tegundir sjaldgæfra fugla hér á landi 1996. Þetta er nokkru meira en undanfarin ár, ef tekið er tillit til þess að tvær tegundir hafa verið felldar niður, svartþröstur og gráþröstur. Til dæmis sást 99 tegundir árið 1995. Í skýrslunni er auk þess er getið bandaríðandara og hrístittlings frá 1995 og nokkurra viðbóta frá fyrri árum. Dómnefndin fór yfir 271 athugun og voru 196 þeirra samþykktar (72%).

Árið 1996 voru ekki dæmdar athuganir á þeim tegundum sem getið er hér að framan. Auk þess voru ekki dæmdar athuganir á hróköndum, glókollum og dómpápm.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Björri Arnarson, Gaukur Hjartarson, Guðmundur A. Guðmundsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunn-

laugur Þráinsson, Hallgrímur Gunnarsson og Ólafur Einarsson.

Sjaldgæfir varpfuglar. Nokkrar sjaldgæfar tegundir fundust verpandi árið 1996. Brandönd varp í Borgarfirði, en þar með 7 og síðan 12 unga sást við Grjóteyri í Andakíl í lok júlí. Auk þess sást tíu fullorðnar. Brandendur hafa orpið á þessum slóðum í nokkur ár. Líklega má fara að telja brandönd til reglulegra íslenskra varpfugla. Þrjú pör af skeiðöndum sást við Mývatn um vorið og kvenfugl sást með 9 unga í síðari hluta júní. Skeiðönd varp einnig við Mývatn 1995. Skeiðendur verpa án efa víðar á hverju ári, en athuganir skortir. Óvenjumargar landsvölur sást vorið 1996 og í kjölfar þess urpu þær á nokkrum stöðum um sumarið. Í Arrarbæli á Fellsströnd varp þar og kom upp fjórum ungum. Í Hólkoti í Staðarsveit var þar með fjóra unga í hreiðri um miðjan júlí. Í Svínafelli Öræfum kom þar upp fjórum ungum. Efrivík í Landbroti kom þar upp þremur ungum. Og á Heimaey komust fimm ungar upp. Auk þess sást þar með fjóra unga á Bakka í Landeyjum í ágúst. Landsvölur komu því upp ungum á sex stöðum árið 1996 og er það því besta landsvöluár til þessa. Barrfirkur urpu á Tuma-stöðum í Fljótshlíð, en þar urpu þær fyrst árið 1994 (Örn Óskarsson 1995). Eitt hreiður með þremur ungum fannst í júní, en tvö pör sást þar með átta unga í lok ágúst og byrjun september. Barrfirkupar fannst einnig í Gjögnum (Kálfaskógum) við Sólheimasand með fimm unga í hreiðri, og er þetta í fyrsta sinn að barrfirkur finnast verpandi utan Fljótshlíðar. Á Hofi í Öræfum urpu sex til átta gráspörvapör um sumarið eins og undanfarin ár. Auk þessa er getið um fjallafinkupar sem sýndi varp-atferli í Núpsstaðaskógi árið 1990. Syngjandi þyrnisöngvari sást á Selfossi í lok júní og byrjun júl og syngjandi gransöngvari í Reykjavík um miðjan júní. Þetta þarf þó alls ekkert ekki að benda til varps. Ekkert hrókanda varp var staðfest þetta árið, þótt nokkrir fuglar sæjust. Engin er þut ta sást á Tjörnesi þetta árið.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Óvenju margar gráskrofur sáust og er þetta næstbesta árið frá upphafi (aðeins sáust fleiri 1995). Einnig sáust óvenju margir gráhegrar. Allmargar vepjur birtust í mars og nokkrar sáust einnig í lok ársins. Átta lappjaðrakanar sáust og er það ekki svo slæmt miðað við undanfarin ár. Fjöldi jöruspóa var svipaður og undanfarin ár. Óvenju fáir ískjóar sáust þetta árið og fjöldi fjallkjóa var einnig undir meðallagi. Ísmáfar voru aðeins fimm og hringdúfur þrjár. Aðeins þrír múrsvölungar sáust eins og þrjú undanfarin ár. Óvenju margar landsvölur komu í maí og júní, og leiddi það til varps á nokkrum stöðum. Silkitoppur komu í miklu magni í byrjun janúar og sáust þær allan febrúarmánuð og fram í maí. Þær sáust um nánast allt land. Um haustið sáust glób ystingar á allmörgum stöðum, aðallega um austanvert landið. Í september og október sást meira af netlusöngvurum en venja er. Margir hettusöngvarar sáust um haustið, og fjöldi gransöngvara og laufsöngvara var einnig yfir meðallagi. Fjallafinkur glöddu augu margra fuglaskoðara um haustið.

Undirtegundir. Tvær austrænar blesgæsir sáust, en einungis höfðu sést þrír fuglar áður. Fimm amerískar urtendur fundust, sem er heldur ofan við meðallag, en mun minna en 1995, þegar 10 fuglar sáust. Einungis einn grænlenstur fálki sást. Grænlenstur fálkar eru mun ljósari en þeir slensku, en teljast nú fremur litrafbrigði en undirtegund. Á árinum 1731-1793 voru veiddir 374 hvítfálkar á Íslandi, eða að meðaltali 5,94 á ári, auk nokkurra hálfhvítu (eitt árið náðust jafnvel yfir 40 hvítir fuglar). Voru þeir fluttir til Kaupmannahafnar og síðan til kóniga og fursta víða um heim (Ólafur K. Nielsen & Gunnlaugur Pétursson 1995). Miðað við tíðni þeirra á síðustu árum virðist þeim hafa fækkað. Engin austræn eða vestræn margæs sást með vissu á árinu.

Nýjar tegundir. Tvær nýjar tegundir sáust á árinu. Þann 22. september sást norðsöngvari á Selfossi. Þetta er spörfugl sem

Það var ekki fyrir en í byrjun nóvember sem fuglaskoðarar fréttu af daggarskríkjunni á Bakka. Nokkru fyrir eða 21. október fóru fimm þeirra saman í fuglaskoðunarferð um Reykjanesskagann. Strax um morguninn fundu þeir skríkju í trjálundinum við Seltjörn. Eftir dálitinn eltingaleik á milli trjánna urðu þeir að vonum kampakátir þegar þeir voru orðnir fullvissir um að fuglinn væri daggarskríkja og töldu sig hafa fundið þá fyrstu á Íslandi. Þeir urðu því fyrir nokkru vonbrigðum þegar í ljós kom að önnur hafði fundist fyrir um haustið. Daggarskríkjan við Seltjörn sást til 23. október. Báðir fuglarnir voru á fyrsta hausti.

Daggarskríkjur eru skrautlegir fuglar. Karlfugl í sumarþúningi er grár á kolli, svartur á vanga og með hvíta brúnarák. Bak er svart, gumpur gulur og stél svart. Vængir eru svartir með tveimur hvítum vængbeltum og hvítum blett á milli þeirra. Kverk, bringa, kviður og síður eru skærgular með mjóu svörtu bringubelti og svörtum rákum á síðunni. Undirstélpökur

1. mynd. Daggarskríkja *Dendroica magnolia* á Bakka í A-Landeyjum, 26. nóvember 1995. – *The Magnolia Warbler at Bakki, S-Iceland, 26 November 1995.* – Örr Óskarsson.





2. mynd. Daggarskríkjan *Dendroica magnolia* á Bakka í A-Landeyjum, 8. nóvember 1995. – *The Magnolia Warbler at Bakki, S-Iceland, 8 November 1995.* – Gunnlaugur Pétursson.

eru hvítar og hvítur blettur er einnig á neðanverðum stél jöðrum. Kvenfuglar eru mjög líkir karlfuglum en allir litir eru daufari. Á veturna dofna litir karlfugla nokkuð en kvenfuglar breytast lítið. Á haustin eru ungfuglar í svipuðum búningi og fullorðnir en í stað svarta litarins á höfði og baki er grár og brúnn litur, lítið sem ekkert er af svörtum rákum á bolnum og guli liturinn er daufari en á fullorðnum fuglum (Curson o.fl. 1994).

Daggarskríkjur verpa í sunnanverðu Kanada. Á austurströndinni nær varpsvæðið frá Nýfundnalandi og suður eftir Appalachiafjöllum. Vetrarstöðvarnar eru í Mið-Ameríku, bæði á meginlandinu og á eyjum Karíbahafs. Varpkjörlendi eru barrskógar en á farleiðum og á vetrarstöðvum eru daggarskríkjur í margskonar skóglendi. Fæðan er nær eingöngu skordýr og köngulær sem þær veiða á jörðu sem og í trjám. Jafnframt veiða þær skordýr á flugi, en það mátti sjá í fjósinu á Bakka. Daggarskríkjur eru algengar á útbreiðslusvæði sínu, en hefur farið fækkandi síðan um miðja öldina (Curson o.fl. 1994).

Daggarskríkja hefur fundist þrisvar sinnum á Grænlandi. Það var haustið 1875, í maí 1880 og í október 1950 (Boertmann

1994). Áður en daggarskríkjurnar fundust á Íslandi hafði tegundin aðeins sést einu sinni í Evrópu. Það var á Bretlandseyjum 27.-28. september 1981, nánar tiltekið á St. Mary's eyju í Scilly eyjaklasanum vestur af Cornwallskaga (Rogers o.fl. 1982, Enright 1995). Þegar hún fannst var mikið um aðra ameríska spörfugla á Bretlands-eyjum, mest græningja. Það vekur athygli, að fimm græningjar sáuust einnig hér á landi haustið 1995, en áður höfðu aðeins sést fimm.

HEIMILDIR

- Boertmann, D. 1994. An annotated checklist to the birds of Greenland. – Meddelelser om Grønland, Bioscience 38: 1-63.
- Curson, J., D. Quinn & D. Beadle 1994. New World Warblers. – Christopher Helm, London.
- Enright, S.D. 1995. Magnolia Warbler in Scilly: new to Britain and Ireland. – Brit. Birds 88: 107-108.
- Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1997. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1995. – Bliki 18:23-50.
- Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1982. Report on rare birds in Great Britain in 1981. – Brit. Birds 75: 482-533.

SUMMARY

Magnolia Warbler *Dendroica magnolia*: new to Iceland

The first Magnolia Warbler *Dendroica magnolia* in Iceland was found at Bakki, S-Iceland on 29 September 1995. On 21 October 1995 another Magnolia Warbler was found at Seltjörn in SW-Iceland. Both birds were in first winter plumage. These two records represent second and third records for the Western Palearctic, but the first was on the isles of Scilly, UK., 27-28 September 1981 (Enright 1995). There are three records from Greenland, autumn 1875, May 1880 and October 1950 (Boertmann 1994).

Unusually many Red-eyed Vireo *Vireo olivaceus* were seen in Iceland during the autumn 1995. There were five records from previous years, but during the autumn 1995 additional five birds were found. It is most likely a coincident but during the last days of September 1981 when the Magnolia Warbler was found in Scilly there was also an influx of Red-eyed Vireos in Britain and Ireland (Rogers *et al.* 1982).

Gunnlaugur Þráinsson, Melbæ 40, 110 Reykjavík.

Norðsöngvari í fyrsta skipti á Íslandi

Sunnudaginn 22. september 1996 kl. 10 að morgni var ég staddur í kirkjugarðinum á Selfossi og leit eftir fuglum. Hæglætis veður var, NA-gola, sólskin í fyrstu en síðan skúrir. Hiti var +8-10°C. Umhverfis garðinn eru 6-8 m há birkitré í röðum. Þar voru nokkrir auðnutittlingar *Carduelis flammea* og þúfurittlingar *Anthus pratensis* í fæðuleit.

Fljótlega tók ég eftir þremur smáfuglum sem héldu sig saman í birkinu í SV-horni garðsins. Þeir voru mjög kvikir en héldu sig þó mest á sama svæðinu. Sá minnsti hélt sig bakatil í trjánun og hvarf fljótlega. Hann var ekki greindur til tegundar. Hinir tveir héldu sig oft í trjánun framanverðum og var því auðvelt að skoða þá með 12x50 sjónauka af 30-40 m færi. Ef nær var farið fældust þeir bak við laufþykki sem enn var á trjánun. Fljótlega greindi ég annan sem flekkugr þ *Ficedula hypoleuca* en hinn var framandi. Áferðin á baki hans og kvið minnti mig á garðsöngvara *Sylvia borin*, ljósgrár kviður og einsleitt grágrænt bak, en þar sem fuglinn

var með áberandi og skarpa hvíta brúnarák og dökka augnrák, eitt dauft, ljóst vængbalti og ljósrauða fætur, þá útilokaði ég garðsöngvara strax. Þess í stað kom norðsöngvari *Phylloscopus borealis* upp í hugann. Fuglinn gaf frá sér bældan, þvaðrandi og samfelldan söng af og til þann tíma sem ég fylgdist með honum. Inn á milli söngstefjanna komu af og til hvell eintóna kallhljóð (tsíp). Þar sem ég heyrði fuglinn syngja gat ég strax útilokað gransöngvara *P. collybita* og laufsöngvara *P. trochilus* sem hafa allt aðra söngrödd. Hnoðrasöngvara *P. inornatus* útilokaði ég á stærðinni. Þessi fugl var mun stærri. Helst var ég hræddur um að rugla saman norðsöngvara og brumsöngvara *P. trochiloides*. Þeir eru áþekkir að stærð (norðsöngvari þó ívið stærri) og báðir með eitt vængbalti. Ég gaumgæfði því sérstaklega einkenni þessara fugla, einkum lengd, breidd og lögun brúna- og augnrákar og fótalit. Brumsöngvari er með dökka fætur en þessi fugl var með áberandi ljósgulrauða fætur. Á fuglinum var brúnarákin jafnbreið og skörp aftur



1. mynd. Norðsöngvari *Phylloscopus borealis*. Noregur, júní 1997. – Arctic Warbler, Norway, June 1997. – Marc Duquet.

undir hnakka og augnrákin jafnbreið fram-
an og aftan við augun, andstætt brum-
söngvara, sem hefur misbreiðar og daufar
brúna- og augnrákir.

Þegar heim var komið leit ég í greining-
arbók og samfærðist um að greining mín
væri rétt. Við lestur greiningarbókarinnar
tók ég eftir því að fuglinn hafði ekki sést
áður á Íslandi. Þar sem að öllum líkindum
var um nýja tegund að ræða fyrir landið
hringdi ég strax í Gunnlaug Pétursson sem
kom austur á Selfoss ásamt Gunnlaugi Þrá-
inssyni og Gunnari Þ. Hallgrímssyni fugla-
skoðurum. Yann Kolbeinsson mætti einnig
á staðinn. Fuglarnir voru þá enn í garðin-
um en norðsöngvarinn var hætstur að syngja.
Í 2 klst. skoðuðum við fuglana og yfirförum
öll einkenni norðsöngvara eins og þeim er
lýst í bókum. Einnig gaumgæfðum við
rækilega allt sem aðgreindi norðsöngvara
og brumsöngvara. Þegar allir voru orðnir
samfærðir um greininguna var reynt trekað
en árangurslaust að mynda fuglinn.

Norðsöngvari er sjaldgæfur varpfugl í
NA-Noregi (10-100 pör) og N-Finnlandi
(3000-5000 pör). Aðalvarpsvæði hans er
austureftir N-Síberíu og allt suður til Jap-
an. Einnig verpur hann í vesturhluta
Alaska. Vitað er um 5 varptilfelli í Svi-
þjóð. Hann verpur á jörðu niðri einkum í
gróskumiklum trjágróðri meðfram ám og
lækjum en einnig í barr- og birkiskógum
(Lewington o.fl. 1991, Mitchell & Young
1997). Vetrarstöðvar norðsöngvara eru í
Malasíu, Indónesíu og á Filippseyjum.
Norskir og finnskir norðsöngvarar ættu því
að fljúga í SA-átt á haustin.

Á Bretlandseyjum hefur norðsöngvari
sést árlega frá 1964. Þar sést hann frá miðj-
um ágústmánuði fram í miðjan október.
Flestir sjást um miðjan september. Norð-
söngvari hefur ekki sést á Bretlandseyjum
að vorlagi en fjórum sinnum hafa fundist
fuglar um mánaðamótin júní/júlí. Árslok
1996 höfðu 228 norðsöngvarar sést á

Bretlandseyjum og Írlandi (Rogers o.fl.
1997, Vinicombe & Cottridge 1996). Um
hellingur fuglanna hefur sést á Suður-
eyjum vestan Skotlands en aðeins 6 á Ír-
landi. Í september 1984 sást einn fugl í
Færeyjum. Annars staðar í V-Evrópu eru
þeir mjög sjaldséðir. Aðeins einn fugl hef-
ur sést í Danmörku (1988), Litháen (1994)
og Lúxemborg. Í Póllandi hefur norðsöngv-
ari sést tvisvar, 4 sinnum í Eistlandi, 6
sinnum í Frakklandi, 8 sinnum í Hollandi
og 9 sinnum í Þýskalandi (Mitchell &
Young 1997). Á Bretlandseyjum er komu-
tími brumsöngvara mun fyrr á haustin en
hjá norðsöngvara. Í árslok 1996 höfðu sést
302 brumsöngvarar á Bretlandseyjum og
Írlandi (Rogers o.fl. 1997), flestir í lok
ágústmanaðar en fáir eftir miðjan september
þegar komutími norðsöngvara er í hámarki.
Brumsöngvararnir sjást flestir í austur-
héruðum Englands en fáir nyrst og á
Suðureyjum. Komutíma fuglsins á Selfossi
passar því mun betur við fartíma norð-
söngvara en brumsöngvara.

HEIMILDIR.

- Lewington, I., P. Alström & P. Colston 1991. A Field
Guide to the rare Birds of Britain and Europe. –
HarperCollins Publishers, London.
Mitchell, D. & S. Young 1997. Photographic Hand-
book of the Rare Birds of Britain and Europe. –
New Holland (Publishers) Ltd., London.
Rogers, M.J. and the Rarities Committee 1997. Report
on rare birds in Great Britain in 1996. – Brit. Birds
90: 453-522.
Vinicombe, K. & D.M. Cottridge 1996. Rare Birds in
Britain and Ireland. A Photographic Record. –
HarperCollins Publishers, London.

SUMMARY.

The first Arctic Warbler *Phylloscopus borealis* recorded in Iceland.

A new *Phylloscopus* species for Iceland, Arctic War-
bler *Phylloscopus borealis*, was seen in the graveyard
in Selfoss, S-Iceland on 22 September 1996.

Örn Skarsson, Fagurgerði 4, 800 Selfoss.

Gulskríkja kemur til Íslands

Laugardaginn 5. október 1996 fóru undirritaðir í fuglaskoðun. Þennan dag var ágætis veður og góð skilyrði til að skoða fugla. Hugmyndin var að líta á nokkra trjá-
lundi í nágrenni Hafnar í Hornafirði. Engir flækingsfuglar fundust fyrri en í kirkju-
garðinum í Nesjum, en hann er í landi Borgar. Þegar inn í garðinn kom sáum við strax lítinn fugl skjótast í trjánunum, mjög áberandi gulan söngvara. Við fyrstu sýn töldum við að þetta gæti verið annað hvort skopsöngvari *Hippolais polyglotta* eða spésöngvari *H. icterina*, en það eru evrópskir söngvarar sem eru áberandi gulir að lit. Við féllum fljótt frá því að um þessar tvær tegundir gæti verið að ræða, þar sem þær eru báðar með augabrúnarák, en þessi fugl var það ekki. Nú læddist að okkur sá grunur að hér væri amerísk skríkja á ferð, vegna þess að nokkrum dögum áður hafði fundist græningi *Vireo olivaceus* á Reynivöllum í Suðursveit. Þar sem við vorum ekki með nægilega góðar f. glabækur meðferðis voru þær sóttar. Ekki þótti ráðlegt að skilja fuglinn einan eftir og gætti því annar okkar

hans á meðan. Fuglinn var frekar rólegur, færið yfirleitt um 10-15 metrar og náðust því nokkrar myndir af honum (1. mynd). Þegar réttu bækurnar voru komnar beindust spjótin strax að gulskríkju *Dendroica petechia*. Við töldum að best væri að safna fuglinum. Fleiri fuglaskoðarar bættust við til að sjá þennan merkilega fugl. Haft var samband við Gunnlaug Þráinsson og lýsingin á fuglinum borin undir hann og taldi hann einnig að þetta væri gulskríkja. Fuglinum var síðan safnað og fékkst þá tegundin staðfest, en hún er ný fyrir landið. Þegar fuglinn var krufinn reyndist hann vera ungur kvenfugl. Hann er nú geymdur á Náttúrufræðistofnun Íslands [RM11231].

Gulskríkja verpur um nær alla N-Ameríku, frá Alaska og Kanada til miðhluta Mexíkó. Hún hefur vetursetu í Mið- og S-Ameríku (suður til miðhluta Perú og norðurhluta Bólivíu). Hún er ein af algengustu skríkjum um gjörvalla í N-Ameríku. Fuglarnir þar teljast til svokallaðs *aestiva* hóps, en tveir aðrir hópar verpa í Mið-Ameríku og nyrst í S-Ameríku, stundum taldar sér-

1. mynd. Gulskríkja *Dendroica petechia* við Borgir í Nesjum, 5. október 1996.
– *The Yellow Warbler at Borgir in Nesjar, SE Iceland, 5 October 1996.* –
Brynjúlfur Brynjólfsson.



stakar tegundir. Alls sex undirtegundir eru innan *aestiva* hópsins (Curson o.fl.1994). Líklegast er að fuglar sem sjást í Evrópu, séu af undirtegundunum *ammicola* eða *aestiva*. Tveir fuglar hafa sést á Grænlandi, báðir af síðarrefndu undirtegundinni (Boertmann 1994).

Gulskríkja er fremur einlitur skærgulur fugl, grængulur að ofan og gulur að neðan, sem minnir nokkuð á gulleítan *Phylloscopus* söngvara, en hefur lengri og hvassari gogg. Hún eru augnrákalaus og getur svipað til *Hippolais* söngvara (Cottridge & Vinicombe 1996). Augu eru dökk með óljósum augnhring. Innri jaðar stéljaðra er gulur, en það sést einungis ef fuglinn breiðir úr stélinu. Karlfuglar hafa rauðar rákir á bringu og síðum í varpbúningi, en þessar rákir eru mun óljósari á ungum karlfuglum. Kvenfuglar hafa daufari lit en karlfuglar. Kjörlendi gulskríkju er í runna-gróðri og opnu skóglendi, oft í röku landi eða nær í vatni.

Gulskríkja hafði sést fimm sinnum í Evrópu áður en hún sást hér, allar á Bretlandi og Írlandi: í Wales 29. ágúst 1964, á Hjaltlandi 3.-4. nóvember 1990, á Orkneyjum 24. ágúst 1992 (Evans 1965, Rogers o.fl. 1991, 1993) og tvær á Írlandi, 11.-12. október 1995 og 12.-31. október 1995 (Smiddy & O'Sullivan 1996). Tveir af þessum fimm fuglum í Evrópu sáust norður á Hjaltlandi og Orkneyjum. Það kom því ekki sérstaklega á óvart að gulskríkja fyndist hér á landi (Erling Ólafsson & Gunnlaugur Pétursson 1997). Tvær gulskríkjur sáust einnig saman á Selvagens-eyjum (Madeira) 10.-12. september 1993 og ein á Flores, Asoreyjum, 20. ágúst 1993 (Costa 1997).

Við viljum þakka Gunnlaugi Péturssyni fyrir yfirllestur og góðar ábendingar.

HEIMILDIR

- Boertmann, D. 1994. An annotated checklist to the birds of Greenland. – Meddelelser om Grønland, Bioscience 38: 1-63.
- Costa, H. 1997. Aves de ocorrência rara ou accidental em Portugal. Relatório do comité Português de raridades referente ao ano de 1995. – Pardela 5: 4-19.
- Cottridge, D.M. & K. Vinicombe 1996. Rare Birds in Britain and Ireland. A photographic record. – HarperCollins Publishers, London.
- Curson, J., D. Quinn & D. Beadle 1994. New World Warblers. – Christopher Helm, London.
- Erling Ólafsson & Gunnlaugur Pétursson 1997. Flækingsfuglar á Íslandi: Skrá. – Náttúrufræðingurinn 66: 161-179.
- Evans, G.H. 1995. Yellow Warbler on Bardsey Island: a bird new to Great Britain and Ireland. – Brit. Birds 58: 457-461.
- Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1991, 1993. Report on rare birds in Great Britain in 1990, 1992. – Brit. Birds 84: 449-505, 86: 447-540.
- Smiddy, P. & O. O'Sullivan 1996. 43rd Irish Bird Report 1995. – Irish Birds 5: 445-474.

SUMMARY

Yellow Warbler *Dendroica petechia*: new to Iceland

The first Yellow Warbler *Dendroica petechia* in Iceland was found at Borgir in Nesjar, SE Iceland, on 5 October 1996. The bird was collected and is now preserved as a study skin at the Icelandic Institute of Natural History in Reykjavík, catalogue number RM11231. It was an immature female.

This is only the sixth record in Europe. Three birds have been found in Britain: on 29 August 1964, 3-4 November 1990 and 24 August 1992 (Evans 1965, Rogers *et al.* 1991, 1993). Two birds have also been found in Ireland recently: on 11-12 October 1995 and 12-31 October 1995 (Smiddy & O'Sullivan 1996). Other records in the Western Palearctic are two birds on Salvage Islands (Madeira) on 10-12 September 1993 and one bird on Flores, Azores, on 20 August 1995 (Costa 1997).

Brynjúlfur B. Þynjólfsen, Sandbakka 13, 780 Höfn.

Björn Arnarson, Júlíatúni 5, 780 Höfn.

Fuglamerkingar á Íslandi í 75 ár

Hér gefur að líta fyrstu samantekt um fuglamerkingar á Íslandi frá upphafi, þar sem brúað er í grófum dráttum 40 ára hlé í útgáfu merkingaskýrslna. Í stað þess að fjalla um merkingar einstök ár var valinn sá kostur að sýna fjölda merktra fugla af algengustu tegundum á hverjum áratug. Yfirlit um endurheimtur merkja verður að búa enn um sinn.

Saga fuglamerkinga í einhverri mynd er talin rúmlega 2000 ára gömul (Rydzewski 1951). Frumkvöðull fuglamerkinga, eins og við þekkjum þær í dag, var hins vegar skólastjórinn Hans Christian Cornelius Mortensen frá Viborg í Danmörku (Rydzewski 1951, Bub & Oelke 1989). Merkingar Mortensen hófust eftir nokkurra ára tilraunir haustið 1899 er hann setti númeraða álhringi á fætur 165 stára. Hringirnir báru áletrunina „Write to H. Chr. C. Mortensen, Viborg, Denmark, Europe“ auk raðtölu (Jensen 1951). Á næstu árum hófst f. glamerkingar vða um heim með sömu aðferðum og enn eru notaðar (Rydzewski 1951, 1955).

Danski fuglafræðingurinn Peter Skovgaard var lærisveinn Mortensens og stofnsetti Fuglarannsóknastöðina í Viborg og hóf jafnframt að merkja fugla árið 1914. Sjö árum síðar færði hann út kvíarnar og fékk Gunnar Juul lyfsala á Ísafirði til að merkja fugla á Íslandi (Skovgaard & Egsbæk 1962). Fyrstu fuglarnir voru merktir hér á landi á vegum Skovgaards árið 1921. Einhver óreiða virðist hafa verið á bók-haldinu í fyrstu því aðeins er vitað að dilaskarfur, súla, skúfönd og sandlóa voru merkt en ekki hve margir einstaklingar (Skovgaard 1934). Þegar Jóhannes Sigfinnsson frá Grímsstöðum við Mývatn og Pétur Sigurðsson frá Akureyri gengu til liðs við Skovgaard árið 1925 fóru hjólin að snúast og fljótt fjölgaði merkingamönnum (Skovgaard & Egsbæk 1962). Sjálfur kom Peter Skovgaard aldrei til Íslands, en var heiðraður fyrir framtak sitt með æðsta heiðursmerki íslenska ríkisins, stórriddara-

króssi hinnar íslensku fálkaorðu, árið 1955.

Hljótt var um fuglamerkingar á vegum Skovgaard í fyrstu, en 2. desember 1927 birti Morgunblaðið bréf frá honum vegna fréttar í blaðinu fyrr um haustið um merktarjúpu sem fannst við Hvalfjörð. Í bréfinu gerði Skovgaard stutta grein fyrir tilgangi fuglamerkinga og væntingum sem við þær voru bundnar (Skovgaard 1927). Fyrstu niðurstöður fuglamerkinga á Íslandi voru birtar þremur árum síðar (Skovgaard 1930).


Skovgaard birti fjölda greina um niðurstöður sínar og kom ein þeirra út á íslensku, þar sem hann skýrir m.a. frá fjölda merktra fugla árin 1921–1932 (Skovgaard 1934). Þetta yfirlit hefur verið endurskoðað og leiðrétt miðað við frumgögn í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt viðbótum við merkingar á vegum Skovgaard allt til ársins 1954 (1. tafla, 1. mynd; Ævar Petersen í undirbúningi).

Árið 1932 urðu kaflaskil í sögu íslenskra fuglamerkinga. Þá hófust fuglamerkingar á vegum Hins íslenska náttúrufræðisfélags sem rak Náttúrugripasafnið í Reykjavík (Guðmundur G. Bárðarson & Magnús Björnsson 1932, Magnús Björnsson 1933). Guðmundur G. Bárðarson jarðfræðingur og sonur hans Finnur Guðmundsson fuglafræðingur voru forgöngumenn þessa framtaks og útvegaði Finnur fyrstu íslensku fuglamerkin frá Þýskalandi, þar sem hann var við nám (Finnur Guðmundsson 1932). Magnús Björnsson hafði umsjón með fuglamerkingunum fyrsta áratuginn og gaf reglulega út yfirlit um árangur þeirra (Magnús Björnsson 1932–39, 1933–41).

1. tafla. Fuglamerkingar á Íslandi 1921-1995. Alls hafa verið merktar 113 tegundir fugla. Hér eru einungis sýndar tegundir sem meira en 50 einstaklingar hafa verið merktir af. Hinar tegundirnar eru teknar saman í eina tölu “aðrar tegundir” og nánari grein fyrir þeim gerð í texta. Ein heildartala er gefin fyrir merkingar á vegum Skovgaard, heildartölur einstakra áratuga fyrstu sextíu ár merkinga á vegum Náttúrufræðistofnunar og loks einstök ár frá 1991. – *Bird ringing in Iceland 1921-1995. See Summary and Appendix for explanations.*

Tegund <i>Species</i>	Skovgaard 1921-54	Tímabil – <i>Periods</i>						Einstök ár – <i>Single years</i>					Samtals – <i>Total 1921-95</i>		
		1932-40	1941-50	1951-60	1961-70	1971-80	1981-90	1991	1992	1993	1994	1995	fullvaxnir <i>Fullgrown</i>	ungar <i>Young</i>	alls <i>Sum</i>
1 Lómur	6	26	17	23	83	85	34	8	1	0	0	5	55	233	288
2 Flórgoði	178	13	236	35	1	3	2	0	0	0	0	0	88	380	468
3 Fyll	0	6	26	1227	3009	5609	11489	777	732	629	178	530	20979	3233	24212
4 Skrofa	0	9	1	4	5	101	142	49	7	8	1	1	128	200	328
5 Stormsvala	0	0	0	14	7	225	2144	349	2	0	19	2	2756	6	2762
6 Sjósvala	0	31	0	105	208	164	2627	115	2	9	13	2	3209	67	3276
7 Súla	0	100	0	1	0	430	738	0	0	1	0	253	381	1142	1523
8 Dilaskarfur	11	0	0	120	10	319	1343	54	199	191	185	125	2	2555	2557
9 Toppskarfur	0	0	0	37	7	4352	576	40	0	60	1	0	1719	3354	5073
10 Álf	0	8	7	28	435	46	1295	428	347	195	526	441	2399	1357	3756
11 Heiðagæs	1	2	0	9907	3	156	54	0	0	0	0	6	4239	5890	10129
12 Grágæs	76	44	2	70	248	172	638	30	157	84	164	68	369	1384	1753
13 Rauðhöfðaönd	539	59	215	350	203	248	361	18	2	8	13	5	272	1749	2021
14 Gargönd	119	14	50	19	14	4	8	0	0	0	0	0	63	165	228
15 Urtönd	268	74	180	130	68	173	119	2	4	1	5	11	192	843	1035
16 Stökkönd	135	95	250	192	190	115	201	33	24	10	22	55	183	1139	1322
17 Grafönd	74	21	40	57	37	17	61	1	0	0	0	0	68	240	308
18 Skúfönd	300	85	709	100	20	18	76	2	2	0	0	1	324	989	1313
19 Duggönd	603	171	771	207	74	71	67	4	3	3	0	0	525	1449	1974
20 Æður	249	84	183	277	232	556	4175	320	217	680	638	442	5673	2380	8053
21 Straumönd	58	6	10	0	8	17	20	0	1	0	0	0	26	94	120
22 Hávella	503	193	476	162	14	13	20	1	1	0	0	1	530	854	1384
23 Hrafnönd	276	115	418	132	7	0	26	0	0	0	0	0	537	437	974
24 Húsönd	71	24	40	15	7	420	383	0	1	0	1	0	598	364	962
25 Toppönd	137	41	53	45	29	4	49	0	0	4	5	0	245	122	367
26 Haförn	0	3	0	3	6	9	78	7	3	8	17	1	9	126	135
27 Smyrill	20	39	2	16	38	102	558	23	18	17	24	23	146	734	880
28 Fálki	4	6	1	8	2	35	644	42	37	7	40	45	64	807	871
29 Rjúpa	172	70	266	949	1812	319	399	32	21	7	285	479	1399	3412	4811
30 Tjaldur	20	94	53	270	257	850	885	225	171	303	296	295	283	3436	3719
31 Sandlóa	97	112	144	847	504	665	1039	122	124	136	209	191	853	3337	4190
32 Heiðlóa	860	197	202	1061	882	603	1689	132	239	166	223	157	1014	5397	6411
33 Rauðbrystingur	0	43	52	850	1082	2320	279	0	0	4	0	0	4630	0	4630

Tegund	Skovgaard	1932-40	1941-50	1951-60	1961-70	1971-80	1981-90	1991	1992	1993	1994	1995	fullvaxnir	ungar	alls
34 Sanderla	0	16	33	262	8	132	221	0	0	0	0	0	672	0	672
35 Sendlingur	19	199	126	1121	53	762	960	12	13	9	13	24	2409	902	3311
36 Lóupræli	270	46	105	1809	1685	805	421	38	9	30	30	111	3955	1404	5359
37 Hrossagaukur	502	266	347	575	417	604	769	90	78	134	132	77	284	3707	3991
38 Jaðrakan	0	23	1	0	14	55	59	8	7	55	18	8	66	182	248
39 Spói	587	153	173	373	414	328	794	75	65	85	100	88	37	3198	3235
40 Stelkur	175	100	109	468	568	926	871	153	110	155	235	177	535	3512	4047
41 Tildra	0	77	98	1395	216	1125	266	0	0	0	0	1	3178	0	3178
42 Oðinshani	904	195	623	323	347	261	327	5	11	17	28	17	443	2615	3058
43 Þórshani	0	0	0	9	44	7	14	0	0	0	0	0	19	55	74
44 Kjói	48	32	69	49	101	84	104	14	14	8	7	18	20	528	548
45 Skúmur	52	196	394	968	4110	8287	4084	373	19	75	137	132	47	18780	18827
46 Hettumáfur	50	131	352	1577	3762	1626	1814	83	178	3	4	308	56	9832	9888
47 Stormmáfur	0	0	0	0	19	200	514	29	159	117	140	156	1	1333	1334
48 Silamáfur	0	0	0	11	68	533	696	102	51	275	38	5	333	1446	1779
49 Silfurmáfur	0	25	0	17	10	2513	233	0	0	28	4	1	372	2459	2831
50 Hvítmáfur	0	10	0	1	123	334	2230	1	12	1	1	0	143	2570	2713
51 Svartbakur	244	66	10	611	319	1193	411	10	2	39	4	0	206	2703	2909
52 Rita	58	178	93	308	329	4866	8198	980	821	608	1371	1487	1547	17750	19297
53 Kría	3091	2000	1385	2952	4269	5254	6574	409	133	734	573	296	3147	24523	27670
54 Langvía	11	118	1	11	35	51	486	94	85	1458	913	2112	3853	1522	5375
55 Stuttnefja	0	0	0	1	0	1	261	84	78	49	262	67	768	35	803
56 Alka	1	0	0	25	45	82	2164	31	25	776	938	148	2146	2089	4235
57 Teista	12	2	32	94	94	4073	7169	719	682	414	524	538	1682	12671	14353
58 Lundi	255	741	58	6426	15150	20279	11704	1927	1964	1924	1914	1900	29691	34551	64242
59 Brandugla	0	11	0	1	21	3	29	5	13	0	5	4	29	63	92
60 Þúfútittlingur	1040	387	641	2121	2878	863	1560	144	96	128	124	115	3533	6564	10097
61 Mariuerla	740	318	347	867	1089	420	1073	107	124	73	140	127	707	4718	5425
62 Músarrindill	11	3	1	29	24	3	34	2	10	0	2	9	34	94	128
63 Steindepill	418	172	233	1143	896	428	366	36	36	40	14	21	757	3046	3803
64 Svartþröstur	0	2	6	53	73	5	80	6	14	14	25	1	214	65	279
65 Gráþröstur	0	31	0	0	3	3	23	0	0	0	1	1	52	10	62
66 Skógarþröstur	370	359	328	5072	11008	1746	6099	748	1179	1311	1384	1150	16252	14502	30754
67 Hrafn	28	15	4	16	29	31	797	38	14	9	29	18	49	979	1028
68 Stari	0	1	1	24	46	722	243	6	10	31	55	20	815	344	1159
69 Auðnutittlingur	3	139	15	209	494	162	1452	31	194	96	90	32	1332	1585	2917
70 Snjóúttittlingur	54	41	410	595	791	2895	26378	1766	2091	2351	1587	1123	38396	1686	40082
71 Aðrar tegundir	9	50	14	19	8	23	93	9	17	14	10	3	203	66	269
72 Æður eldisungar	0	0	0	0	0	48	2214	440	32	126	31	123	4	3010	3014
Samtals – Total	13729	7888	10413	46796	59062	79954	124004	11389	10661	13718	13748	13557	171945	232974	404919



1. mynd. Fuglamerkingar á Íslandi 1921-1995. Árlegur heildarfjöldi merktra fugla er sýndur. Merkingar á vegum Skovgaard og Náttúrufræðistofnunar eru aðgreindar með mismunandi litum. – Annual total of birds ringed in Iceland between 1921 and 1995. The Skovgaard's Ringing Scheme (green) and Icelandic Bird Ringing Scheme (red) are separated.

Árið 1942 tók Finnur Guðmundsson við umsjá fuglamerkinganna og birti hann yfirlit um þær til 1952 (Finnur Guðmundsson 1943-51, 1953, 1956). Upphafi 6. áratugarins jukust fuglamerkingar gífurlega (1. mynd). Árið 1951 kom fyrsti stóri erlendi leiðangurinn til landsins til fuglamerkinga og voru tæplega 1200 heiðagæsir merktar það ár. Tveimur árum síðar voru merktar nær 9000 heiðagæsir í Þjórsárverum. Hundruðir endurheimta sem fylgdu í kjölfarið, auk stöðugrar aukningar á merkingum íslenskra merkingamanna virðast hafa orðið Finni ofviða, enda hafði hann fjölmörgum öðrum skyldum að gegna en að sinna fuglamerkingum. Skýrslan „Fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins 1950-1952“ (Finnur Guðmundsson 1956) varð því sú síðasta sem kom út í samfelldri röð fuglamerkingaskýrslna frá upphafi merkinga á vegum Íslendinga 1932. Það var ekki fyrr en rúmum 40 árum síðar að þráðurinn var tekinn upp að nýju með birtingu stuttra yfirlita um fuglamerkingar fyrir árin 1993-1995 (Guðmundur A. Guðmundsson 1995-96).

Fuglamerkingar hafa frá upphafi byggst á starfi áhugamanna, sem hafa vegna fróðleiksfýsnar um lífnaðarhætti og ferðir fugla gefið vinnu sína við merkingar. Rúmlega fjögur hundruð merkingamenn hafa starfað á Íslandi (þar af 50 fyrir Skovgaard). Ekki er ráðrúm hér að geta þeirra allra, en ekki hægt að láta hjá líða að nefna nokkra. Jóhannes og Ragnar Sigfinnssynir frá Grímsstöðum hófu að merkja fugla fyrir Skovgaard árið 1925, eins og áður er getið, en merktu síðan fugla á vegum Náttúrugripasafnsins (síðar Náttúrufræðistofnun Íslands) frá árinu 1932 til 1993. Hákon Vilhjálmsson á Hafurbjarnarstöðum merkti fugla á árunum 1941 til 1968. Hálfðán Björnsson á Kvískerjum hóf að merkja fugla árið 1942 og er enn að, Snorri Pétursson á Skipalóni var merkingamaður á árunum 1953 til 1992, Óskar J. Sigurðsson vitavörður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum (2. mynd) fékk sín fyrstu merki árið 1953 og hefur síðan þá verið einn afkastamesti merkingamaður landsins (vegna framlags síns til fuglaramsóknna var hann heiðraður með riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1997).



2. mynd. Óskar J. Sigurðsson vitavörður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum fékk sín fyrstu merki árið 1953 og hefur síðan þá verið einn afkastamesti merkingamaður landsins. – Óskar J. Sigurðsson, lighthouse-keeper at Stórhöfði, Vestmannaeyjar, has since 1953 been among the most efficient ringers in Iceland – Sigurgeir Jónasson.


Umfjöllun

Til ársloka 1995 höfðu alls 404.919 fuglar verið merktir á Íslandi (1. tafla). Tilkynt hefur verið um endurheimtur eða álestra á um 27.000 merkjum, þar af rúmlega 4000 erlendis frá. Að auki hafa um 1800 erlend fuglamerki náðst eða sést hérlendis. Yfirlit um fjölda endurheimtra merkja og skiptingu þeirra eftir tegundum verður að bíða enn um sinn, en unnið er að samantekt. Frá haustinu 1987 hafa allar endurheimtur verið tölvuskiðaðar á Náttúrufræðistofnun Íslands jafnóðum og þær berast, og unnið er að innslætti eldri endurheimta, auk frumgagna um merkingar.

Árlegur fjöldi merktra fugla á Íslandi hefur margfaldast síðustu fjóra áratugi (1. mynd). Frá upphafi fram í byrjun sjötta áratugarins voru merktir innan við 2000 fuglar á ári, en síðan þá hefur verið mikill uppgangur. Á sjötta áratugnum voru að meðaltali merktir tæplega 4700 fuglar árlega, um 5900 á þeim sjöunda, tæplega 8000 á þeim áttunda, 12.400 á þeim níunda og á bilinu 10.600 til 13.700 á ári það sem af er þeim tíunda. Flestir fuglar merktir á einu ári til þessa voru 16.468 árið 1989.

Af þeim 113 tegundum fugla sem merktar hafa verið á Íslandi er gerð grein fyrir 70 tegundum í 1. töflu. Færri en 50 einstaklingar hafa verið merktir af þeim 43 tegundum, sem ekki er getið í 1. töflu. Meðal þeirra eru þrjár íslenskar varptegundir. Þær eru himbrimi sem einungis hefur náðst að merkja 3 fullvaxna einstaklinga af, skeiðönd með 2 fullvaxna og 7 unga og gulönd með 9 fullvaxna og 8 unga. Þar eru einnig all margar sjaldgæfar eða óreglubundnar varptegundir. Þær eru skutulönd (1 ungi), keldusvín (9 fullvaxin og 11 ungar), jöruspói (1 fullvaxinn og 3 ungar), kolþerna (1 ungi), haftyrdill (43 fullvaxnir og 2 ungar), hringdúfa (2 ungar), bókfinka (5 fullvaxnar og 1 ungi) og jallafinka (12 fullvaxnar og 30 ungar).

Bjartmáfur er algengur vetrargestur á Íslandi, en aðeins hafa verið merktir 8 hérlendis. Þrjár tegundir fargesta sem fara um landið í tugþúsunda tali vor og haust hafa lítið verið merktar. Það eru blesgæs og helsingi með aðeins einn einstakling merktan af hvorri tegund og margæs með 19 merktar. Að auki hafa 28 tegundir flækingsfugla verið merktar í litlum mæli (allt fullvaxnir fuglar). Þær eru gráhegri (5), dvergsvanur (1), fjallvákur (1), turnfálki (4), förufálki (2), seftæna (1), blesshæna (4), vepja (2), skógarsnípa (2), lappajaðrak-an (1), ísmáfur (2), eyrugla (2), múrsvölungur (4), landsvala (3), bæjasvala (2), glób ystingur (7), söngbröstur (2), netlusöngvari (1), garðsöngvari (2), hettusöngvari (11), hnoðrasöngvari (1), laufsöngvari (9), dvergkráka (8), gráspör (1), barrfinka



3. mynd. Nokkur dæmi um árlegan fjölda merktra fugla hjá nokkrum tegundum. – *Examples of the trends in annual numbers ringed of a few birds species.*

(2), hrimtittlingur (2), krossnefur (7) og sportittlingur (1).

Fuglamerkingarnar hafa að miklu leyti ráðist af áhuga merkingamanna og aðstöðu. Lítil stýring hefur verið á því hvaða tegundir eru merktar og merkingar með stöðluðu átaki hafa aldrei farið fram hérlandis. Því ræðst fjöldi merktra fyrst og fremst af tilviljun, eins og glögglega kemur fram ef gögn fyrir einstakar tegundir eru skoðuð, þó stofnstærð og ungaframleiðsla endurspeglar í einhverjum tilfellum í fjölda merktra fugla. Hér verður ekki farið í úrvinnslu þessara gagna, en fáein dæmi sýnd (3. mynd). Flórigoði er dæmi um tegund þar sem stofn hefur minnkað og kemur það fram í merkingunum. Hjá rjúpunni koma fram skýrar sveiflur (u.þ.b. 10 ár) í fjölda merktra, þó hæð toppa ráðist fremur af tímabundnum breytingum í átaki er tengjast rannsóknum en stofnstærð (sbr. Ólafur K. Nielsen 1995). Breytileiki í merkingum heiðlóu, skúms og lunda er fyrst og fremst háður því hvenær einstakir eða fáir merkingamenn hafa einbeitt kröftum sínum að þessum tegundum.

Víða erlendis hafa verið reknar fuglamerkingastöðvar um áratuga skeið, þar sem merkingar fara fram á staðlaðan hátt. Merkt er á sama tíma ár hvert, með sama fjölda neta eða gildra og reynt að halda umhverfi sem líkustu milli ára (t.d. fjölda og hæð trjáa). Merkingar einstök ár eru auðvitað háðar öðrum umhverfisþáttum sem ekki er hægt að staðla og áhrif geta haft á veiðarnar, svo sem vindi og úrkomu. Jafnframt eru tegundir misveiðanlegar. Til langs tíma litið fæst með stöðluðum merkingum afstæður mælikvarði á stofnbreytingar hjá tegundum.

Merkingar einstaklinga eru oft í eðli sínu staðlaðar, þar sem þeir fara um sömu svæði ár eftir ár og verja álíka miklum tíma í merkingarnar. Þar má hins vegar

lítið út af bera til að röskun verði á og jafnvel heil ár fallið út. Merkingar einstakra manna standa sjaldnast yfir löng tímabil. Það er því löngu tímabært að komið verði á fót merkingarstöðvum á Íslandi, þar sem margir aðilar vinna saman að fuglamerkingum með sem jöfnustu átaki. Rekstur slíkra stöðva er kostnaðarsöm, en býður möguleika á öflun gagna sem erfið er að afla á annan hátt.

HEIMILDIR

- Bub, H. & H. Oelke 1989. The history of bird marking till the inception of scientific bird ringing. – Ring 12:141-163.
- Finnur Guðmundsson 1932. Farfuglar og fuglamerkingar. – Náttúrufr. 2:71-80.
- Finnur Guðmundsson 1943-51. Skýrsla um fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins árið 1941; 1942 og 1943; 1944-1946. – Skýrsla um Hið íslenska náttúrufræðisfélag félagsárin 1941 og 1942; 1943; 1944-1946. Fylgirit.
- Finnur Guðmundsson 1953. Fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins 1947-1949. – Náttúrufr. 23:14-35.
- Finnur Guðmundsson 1956. Fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins 1950-1952. – Náttúrufr. 26:142-157.
- Guðmundur A. Guðmundsson 1995-96. Fuglamerkingar á Íslandi 1993; 1994; 1995. – Bliki 15:61-62; Bliki 16:66; Bliki 17:65.
- Guðmundur G. Bárðarson & Magnús Björnsson 1932. Liðsmenn við fuglamerkingar. – Náttúrufr. 2:80.
- Jensen, P.V. 1951. Bird-ringing in the study of migration. – Danish Foreign Office Journal 1:21-25.
- Magnús Björnsson 1932-39. Árangur íslenskra fuglamerkinga. – Náttúrufr. 2:188; II. Náttúrufr. 3:26-27; III. Náttúrufr. 3:142; IV. Náttúrufr. 3:186-187; V. Náttúrufr. 4:40; VI. Náttúrufr. 4:126-128; VII. Náttúrufr. 5:42; VIII. Náttúrufr. 5:88; IX. Náttúrufr. 5:153-157; X. Náttúrufr. 6:62; XI. Náttúrufr. 6:133; XII. Endurheimtur 1936. Náttúrufr. 7:43-44; XIII. Endurheimtur 1936 (frh.) og endurheimtur 1937. Náttúrufr. 7:144-146; XIV. Náttúrufr. 8:183-185; XV. Náttúrufr. 9:129-131; XVI. Náttúrufr. 11:128-129.
- Magnús Björnsson 1933. Fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins í Reykjavík 1932. – Náttúrufr. 3:58-60.
- Magnús Björnsson 1933-41. Fuglamerkingar; II. ár; III. ár; IV. ár; V.-VII. ár (Bráðabirgðaskýrsla fyrir árin 1936-1938, ásamt viðbót: Endurheimtur frá 1. jan. til marsloka 1939); V.-VIII. ár; IX. ár. – Skýrsla um Hið íslenska náttúrufræðisfélag félagsárin 1931 og 1932:45-49; 1933 og 1934: 51-57; 1933 og 1934: 59-71; 1935 og 1936: 49-71; 1937 og 1938: 59-68; 1937 og 1938, fylgirit 43 bls; 1939 og 1940, fylgirit 16 bls.
- Ólafur K. Nielsen 1995. Rjúpnamerkingar. – Bliki 15:63-66.

- Rydzewski, W. 1951. A historical review of bird marking. – Dansk Orn. Foren. Tidsskr. 45:61.
- Rydzewski, W. 1955. The present status of the world's bird ringing. – Riv. Ital. Orn. 25(2):28-41.
- Skovgaard, P. 1927. Merkingar á fuglum. – Morgunblaðið 2. desember, 14(279):2.
- Skovgaard, P. 1930. First bird-marking results from Iceland. – Discovery 11(127):220-224.
- Skovgaard, P. 1934. Fuglamerkingar minar á Íslandi og árangur þeirra. – Náttúrufr. 4:5-23.
- Skovgaard, P. & W. Egsbæk 1962. Halvhundrede aar med f. gle i Viborgegnen og otte med flagermusene. – Foren. Naturkundskab, Viborg, 64 bls.

SUMMARY

Seventy-five years of bird-ringing in Iceland

Bird ringing in Iceland was initiated in 1921 by the Danish ornithologist Peter Skovgaard from Viborg in central Jylland. On his behalf Gunnar Juul pharmacist in 'safjörður, NW-Iceland began ringing birds in Iceland in 1921 (Skovgaard & Egsbæk 1962). By 1925 several ringers were active at different sites in Iceland. The Skovgaard's Ringing Scheme was the only ringing activity in Iceland until 1932 when the present Icelandic Bird Ringing Scheme began. A total of 13,729 birds were ringed with rings provided by Skovgaard, a few as late as 1954 (Table 1). Altogether over 50 ringers participated in Skovgaard's scheme.

The Icelandic Bird Ringing Scheme was founded by the Icelandic Natural History Society and the Museum of Natural History in Reykjavík (now Icelandic Institute of Natural History) in 1932. There is no ringing station operated in Iceland, and the bulk of ringing is carried out by voluntary ringers. Since 1932 more than 350 ringers have been registered and today 40-50 ringers are active each year.

Altogether 404,919 birds of 113 species were ringed in Iceland (both schemes combined; Table 1) during the first 75 years (1921-1995). The number of birds ringed annually has grown steadily since the early 1950's (Fig. 1). About 27 thousand recoveries and controls of Icelandic rings have been reported since 1921, where of over 4000 are from abroad. Further 1800 rings from abroad have been recovered in Iceland. An overview of recoveries is in preparation for publication.

In Table 1 seventy bird species are listed and total each pentade is given. By far the largest number of Puffin *Fratercula arctica* have been ringed or 64,242 individuals (15.8% of total). Snow Bunting *Plectrophenax nivalis* comes second with 40,082 birds ringed and Redwing *Turdus iliacus* third with 30,754 birds ringed. (A key to Icelandic bird names used in Table 1 is given in an Appendix).

Forty-three species, of which less than 50 individuals of each have been ringed in Iceland, are not included in Table 1. Among these are three regularly breeding bird species: Great Northern Diver *Gavia immer* (3 fullgrown), Shoveler *Anas chlypeata* (2 fg., 7 pull.) and Goosander *Mergus merganser* (9 fg., 8 pull). These

are also 8 rare or irregularly breeding species: Pochard *Aythya ferina* (1 pull.), Water Rail *Rallus aquaticus* (9 fg., 11 pull.), Curlew *Numenius arquata* (1 fg., 3 pull.), Black Tern *Chlidonias niger* (1 pull.), Little Auk *Alca alle* (43 fg., 2 pull.), Woodpigeon *Columba palumbus* (2 pull.), Chaffinch *Fringilla coelebs* (5 fg., 1 pull.), and Brambling *F. montifringilla* (12 fg., 30 pull.). The Iceland Gull *Larus glaucoideus* is a common winter visitor of which only 8 fullgrown have been ringed. Three species of regular passage migrants have also been ringed to only a little extent, i.e. White-fronted Goose *Anser albifrons* (1 fg.), Barnacle Goose *Branta leucopsis* (1 fg.) and Brent Goose *B. bernicla* (19 fg.). Following 28 species of vagrants have been ringed in Iceland as fullgrown: Grey Heron *Ardea cinerea* (5), Bewick's Swan *Cygnus columbianus* (1), Rough-legged Buzzard *Buteo lagopus* (1), Kestrel *Falco tinnunculus* (4), Peregrine *F. peregrinus* (2), Moorhen *Gallinula chloropus* (1), Coot *Fulica atra* (4), Lapwing *Vanellus vanellus* (2), Woodcock *Scolopax rusticola* (2), Bar-tailed Godwit *Limosa lapponica* (1), Ivory Gull *Pagophila eburnea* (2), Long-eared Owl *Asio otus* (2), Swift *Apus apus* (4), Swallow *Hirundo rustica* (3), House Martin *Delichon urbica* (2), Robin *Erithacus rubecula* (7), Song Thrush *Turdus philomelos* (2), Lesser Whitethroat *Sylvia curruca* (1), Garden Warbler *S. borin* (2), Blackcap *S. atricapilla* (11), Yellow-browed Warbler *Phylloscopus inornatus* (1), Willow Warbler *P. trochilus* (9), Jackdaw *Corvus monedula* (8), House Sparrow *Passer domesticus* (1), Siskin *Carduelis spinus* (2), Arctic Redpoll *C. hornemanni* (2), Crossbill *Loxia curvirostra* (7), and Lapland Bunting *Calcarius lapponicus* (1).

Because the Icelandic Bird Ringing Scheme is based on voluntary work and no ringing stations are operated the variation in annual ringing totals are mainly due to chance. A few examples are given in Fig. 3. The decrease in number of Slavonian Grebe *Podiceps auritus* is probably partly due to a decreased population size. The Ptarmigan *Lagopus mutus* ringing series reflects an approximate 10 years population cycle (cf. Olafur K. Nielsen 1995). For the three other species shown, Great Skua *Stercorarius skua*, Puffin and Golden Plover *Pluvialis apricaria* the variation reflects mostly variable efforts as ringers and their interests change.

Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, pósthólf / P.O.Box 5320, 125 Reykjavík.

APPENDIX: Key to Icelandic bird names in Table 1.

(1) Lómur Red-throated Diver *Gavia stellata*, (2) Flórgefi Slavonian Grebe *Podiceps auritus*, (3) Fýll Fulmar *Fulmarus glacialis*, (4) Skrofa Manx Shearwater *Puffinus puffinus*, (5) Stormsvala Storm Petrel

Hydrobates pelagicus, (6) Sjósvala Leach's Petrel *Oceanodroma leucorhoa*, (7) Súli Gannet *Sula bassana*, (8) D laskarfur Cormorant *Phalacrocorax carbo*, (9) Toppskarfur Slag *P. aristotelis*, (10) Álf Whooper Swan *Cygnus cygnus*, (11) Heiðagæs Pink-footed Goose *Anser brachyrhynchus*, (12) Grágæs Greylag Goose *A. anser*, (13) Rauðhöfðaðinn Wigeon *Anas penelope*, (14) Gargönd Gadwall *A. strepera*, (15) Urðönd Teal *A. crecca*, (16) Stökkönd Mallard *A. platyrhynchos*, (17) Grafiönd Pintail *A. acuta*, (18) Skífiönd Tufted Duck *Aythya fuligula*, (19) Dröggönd Scaup *A. marila*, (20) Æður Eider *Somateria mollissima*, (21) Stráimönd Harlequin Duck *Histrionicus histrionicus*, (22) Hávellá Long-tailed Duck *Clangula hyemalis*, (23) Hrausönd Common Scoter *Melanitta nigra*, (24) Húsönd Barrow's Goldeneye *Bucephala islandica*, (25) Toppönn Red-breasted Merganser *Mergus serrator*, (26) Háförn White-tailed Eagle *Haliaeetus albicilla*, (27) Smyrill Merlin *Falco columbarius*, (28) Fáki Gyrfalcon *F. rusticolus*, (29) Rjúpi Ptarmigan *Lagopus mutus*, (30) Tjaldur Oystercatcher *Haematopus ostralegus*, (31) Sandla Ringed Plover *Charadrius hiaticula*, (32) Heiðlóa Golden Plover *Pluvialis apricaria*, (33) Rauðbrystingur Knot *Calidris canutus*, (34) Sanderla Sanderling *C. alba*, (35) Sendlingur Purple Sandpiper *C. maritima*, (36) Lóupræll Dunlin *C. alpina*, (37) Hrossaga Snipe *Gallinago gallinago*, (38) Jarakan Black-tailed Godwit *Limosa limosa*, (39) Spói Whimbrel *Numenius phaeopus*, (40) Stekur Redshank *Tringa totanus*, (41) Tíldri Turnstone *Arenaria interpres*, (42) Óðinshani Red-necked Phalarope *P. alaropus lobatus*, (43) Þórs-hani Grey Phalarope *P. fulicarius*, (44) Kjói Arctic Skua *Stercorarius parasiticus*, (45) Skúmr Great Skua *S. skua*, (46) Hettumáfur Black-headed Gull *Larus ridibundus*, (47) Stormmáfur Common Gull *L. canis*, (48) Stámáfur Lesser Black-backed Gull *L. fuscus*, (49) Sifurmáfur Herring Gull *L. argentatus*, (50) Hvítmáfur Glaucous Gull *L. hyperboreus*, (51) Svarbakur Great Black-backed Gull *L. marinus*, (52) Rita Kittiwake *Rissa tridactyla*, (53) Kría Arctic Tern *Sterna paradisaea*, (54) Langví Common Guillemot *Uria aalge*, (55) Stutnefi Brinnich's Guillemot *U. lomvia*, (56) Álka Razorbill *Alca torda*, (57) Teista Black Guillemot *Cephus grylle*, (58) Lund Puffin *Fratercula arctica*, (59) Brandugla Short-eared Owl *Asio flammeus*, (60) Þúfttitlingur Meadow Pipit *Anthus pratensis*, (61) Maruerla White Wagtail *Motacilla alba*, (62) Mísarrindill Wren *Troglodytes troglodytes*, (63) Steindepill Wheatear *Oenanthe oenanthe*, (64) Svarþröstur Blackbird *Turdus merula*, (65) Gráþröstur Fieldfare *T. pilaris*, (66) Skógarþröstur Redwing *T. iliacus*, (67) Hrafi Raven *Corvus corax*, (68) Stari Starling *Sturnus vulgaris*, (69) Áðunn-titlingur Redpoll *Carduelis flammea*, (70) Snjútílingur Snow Bunting *Plectrophenax nivalis*, (71) Aðrar tegundir Other species, (72) Æður eldisungar Captive-raised Eider ducklings.

Dreifing æðarfugla úr varpi

Inngangur

Æðarfugl *Somateria mollissima* er einn af algengustu fuglum hérlandis og útbreiddur umhverfis land allt. Um 1990 var æðarstofninn við Ísland áætlaður um 250 þúsund pör, eða um 970 þúsund fuglar að hausti (Kristinn H. Skarphéðinsson 1994), en heildarstofnstærð á Norðurlöndum er áætluð 900.000-1.200.000 varppör (Asbirk o.fl. 1997). Æðarfugl hefur um aldir verið helsti nytjafugl Íslendinga vegna dúnsins.

Líffræði æðarfugla á Íslandi hefur töluvert verið rannsökuð, einkum á árunum 1982-84 þegar margþættar athuganir voru gerðar á æðarfugli Æðey (sbr. María Harðardóttir o.fl. 1997) og Öfundarfirði. Þar voru varphættir æðarfugls kannaðir, afrán, dánartíðni og sníkjudýr í æðarungum og dauðsföll í grásleppunetum svo eitthvað sé nefnt.

Árið 1993 hófst á Bessastöðum á Álftanesi umfangsmiklar athuganir á vistfræði æðarfugla, en þar er eitt stærsta æða varp við sunnanverðan Faxaflóa. Áætla má að fjöldi varppara á Innnesjum, að Andriðsey

undanskilinni, sé rúmlega 4000, þar af um 75% í Bessastaðavarpinu (Ævar Petersen 1985, Ævar Petersen & Árni Davíðsson 1992, Ólafur Einarsson 1997). Megintilgangur verkefnisins var að afla grundvallarupplýsinga um lífshætti æðarfugls, stofnhætti hans og mismunandi dúnhríðingaræðferðir. Einn þáttur þessara rannsókna, og sá sem hér er fjallað um, var að afla upplýsinga um ferðir og dreifingu æðarfugla að loknu varpi með skipulagðri leit að merktum æðarkollum og talningum á æðarfuglum.

Aðferðir

Á tímabilinu 8.-16. júní 1993 voru 245 æðarkollur handsamaðar á hreiðrum í Bessastaðanesi. Kollurnar voru allar merktar með stálmerki Náttúrufræðistofnunar Íslands á fót, en auk þess voru fest á þær hvít, gul eða græn vængmerki úr plasti. Stærð vængmerkjanna var um 34×74 mm og öll voru þau auðkennd með táknum (1. mynd). Með jörsjá mátti greina táknin úr



1. mynd. Æðarkolla *Somateria mollissima* með unga.
– Jóhann Óli Hilmarsson.

nokkur hundruð metra fjarlægð. Væng-
merkin voru fest með ví pinna sem stungið
var gegnum húð í vængnum framanverðum
og fest með plastskinnnum og lykkjum á
báðum endum.

Fimm kollur fengu auk þess senditæki
sem fest voru á stélífaðir þeirra. Senditækin
(Biotrack TW-3) voru 24 mm að lengd og
breidd, 9-15 mm á hæð, vógu 8 grömm og
loftnetið var um 15 cm langt. Hvert tæki
hafði fasta senditíðni á bilinu 151,350-
151,390 MHz og engar tvær kollur höfðu
sömu tíðni. Kollurnar voru miðaðar út og
við staðarákvarðanir var notast við næsta
kennileiti á landi. Mismunandi var hve
margar miðanir þurfti að taka til að fá

nægilega nákvæma staðsetningu. - sumum
tilfellum, t.d. ef kolla var miðuð beint út
frá landi og hafði í fyrri mælingum verið á
sama stað, var ein miðun látin nægja. Í
öðrum tilfellum var miðað frá fleiri stöðum
og þá var notuð s.k. þríhyrningsaðferð til
að finna staðsetningu fuglsins. Aðferðin
byggir á því að draga stefnurnar á kort og
staðarákvörðun kollunnar miðaðist við
skurðpunkt línanna. Með þessu móti var
hægt að fylgjast með ferðum kollnanna
fram að fjaðrafelli, en þá misstu þær
senditækin.

Sumarið 1993, frá miðjum júní til ágúst-
loka, var svo til daglega leitað skipulega að
vængmerktum kollum með ströndum höf-



2. mynd. Skipting athugunarsvæðis á Innnesjum í 10 talningarsvæði, sem vísað er til í texta og
töflum. - The census area on Innnes and the subdivision to 10 smaller areas referred to in text and
Table.

uðborgarsvæðisins og daglega var fylgst með kollunum með senditækin, þar til þær höfðu allar misst þau. Að auki var farið tvisvar sinnum síðsumars með ströndinni allt frá Garði á Suðurnesjum að Miðsandi í Hvalfirði. Yfir vetrartímann, fram í mars 1994, var leitað u.þ.b. einu sinni í mánuði. Auk athuganna okkar bárust allnokkrar tilkynningar um vængmerkta fugla frá fuglaá hugamönnum og almenningi.

Tvær talningar á æðarfuglum á Innnesjum voru gerðar sumarið 1993. Sú fyrri fór fram á tímabilinu 6.-12. júlí og sú síðari dagana 5.-10. ágúst. Talningasvæðinu, sem náði frá Straumi í suðri að Leiru vogi í Mosfellsbæ í norðri, var skipt í 10 minni (2. mynd). Svæðin eru þau sömu og talin eru í árlegum vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands (Ævar Petersen 1983).

Í talningunum var fullorðnum fuglum skipt í þrjá flokka: blika, kollur án unga og kollur með unga. Ungum var skipt í 7 flokka eftir stærð með því að bera þá saman við fullorðna fugla (Fjelds 1977), t.d. var ungi sem hafði hálfá líkamslengd fullorðins fjögurs sagður hálfvaxinn. Í seinni talningunni reyndist oft erfitt að greina milli blika og kollna á löngu færi því margir blikar voru komnir felubúning og orðnir mjög líkir kollum í útliti. Einnig voru stórir ungar oft illgreinanlegir frá kollum og höfðu birtuskilyrði og sjógangur áhrif þar á. Af þessum sökum varð til nýr flokkur ógreindra fugla sem gat innihaldið fullorðna blika, fullorðnar kollur og fullvaxna unga.

Við athuganir voru notaðir sjónaukar (stækkun 8×40) og fjarsjá (stækkun 20-60×60). Talið var úr bíl með ströndinni, vegir og slóðar voru eknir og reynt var að telja eins langt á haf út og skilyrði leyfðu. Hluti strandlengjunnar var genginn í báðum talningum. Svæðin frá Hvaleyrarlóni í Hafnarfirði að Arnarneslæk í Garðabæ (015 og 016, 2. mynd) voru gengin í báðum talningunum sem og hluti strandlengjunnar frá Straumi að Hvaleyri (014). Viðey (041) var gengin í fyrri talningunni, en í seinni talningunni var talið við Viðey af báti um

leið og skyggst var eftir vængmerknum kollum.

Síðan 1952 hefur Náttúrufræðistofnun Íslands staðið fyrir árlegum talningum á fuglum um áramót (Ævar Petersen 1983). Fjöldi og dreifing æðarfugla í vetrarfuglatalningum áráanna 1991-95 voru bornar saman við niðurstöður sumartalninganna 1993. Talningar þessi ár fóru fram á tímabilinu 25. desember-11. janúar. Í Viðey hefur ekki verið talið að vetri síðan 1974 og því var henni sleppt við samanburð á sumar- og vetrartalningum.

Niðurstöður

Merktar kollur

Æðarkollur úr Bessastaðavarpinu sem báru vængmerki, en ekki senditæki, voru 240 og af þeim sáust 219 (91%) aftur fram að varptíma árið eftir, 79% þeirra á fyrstu þremur mánuðum eftir merkingu á tímabilinu júní-ágúst. Skipuleg leit að vængmerknum kollum leiddi í jós að flestar héldu sig á svæðinu frá Hvaleyrarlóni í Hafnarfirði að Örfirisey í Reykjavík eða 187 kollur (85%). Við slíku var að búast ef fuglarnir dreifðust með ströndinni frá varpinu, enda merkingastaðurinn á Álftanesi nánast miðsvæðis (2. mynd). Fyrstu þrjá mánuðina eftir merkingu höfðu þær dreift sér um svæðið frá Vogum á Vatnsleysuströnd í suðri að Miðsandi í Hvalfirði í norðri, en vetrarathuganir sýndu dreifingu kollnanna allt suður í Ósa við Hafnir (3. mynd). Á Suðurnesjum, vestan Straums, var lesið á vængmerki á 22 æðarkollum (10%) og á svæðinu frá Örfirisey að Miðsandi í Hvalfirði var lesið á 10 merki (5%).

Athuganir okkar benda til að tilfærslur fullorðinna kollna séu yfirleitt litlar, því þær sem sáust oftast en einu sinni voru í flestum tilfellum á svipuðum slóðum og þær höfðu verið áður. Af 177 kollum sem sáust tvisvar sinnum eða oftast voru 110 (62%) á sama svæði í bæði eða öll skiptin (sjá svæðaskiptingu á 2. mynd). Tuttugu kollur (11%) voru á tveimur samliggjandi svæðum, 38 (21%) á tveimur ósamliggjandi


svæðum, 3 kollur (2%) á þremur samliggjandi svæðum, 5 kollur (3%) á þremur ósamliggjandi svæðum og 1 kolla (1%) á fjórum svæðum. Hjá þeim kollum sem sást á tveimur eða fleiri svæðum var ekki að sjá neina tilhneigingu í þá átt að þær færðust fjær varpi eftir því sem leið á athugunartímann. Sumar gerðu það, en á móti kom að aðrar færðu sig nær varpinu.






Stöku kollur flókkuðu töluvert eins og sú sem bar hvítt vængmerki með áletruninni DV. Hún sást fyrst á sjó í Fossvogi með unga um miðjan júlí. Þar sást hún í 5 skipti fram í byrjun ágúst, en ungalaus frá því í júlílök. Þann 4. ágúst sást kollan enn á sama stað, en 4 klst. síðar sást hún aftur og þá við Gullinbrú í Grafarvogi (jarlægð u.þ.b. 5 km í lofti, 20 km á sjó). Nokkrum dögum síðar sást hún tvisvar í Skerjafirði, aftur í Grafarvogi í lok mánaðarins en í janúar sást hún við Ægissíðu. Önnur kolla sem bar hvítt vængmerki með áletruninni DL sást fyrst með unga í Kópavogi síðasta dag júnímánaðar en daginn eftir ungalaus við Hrakhólma við Álftanes. Nokkrum

dögum síðar var hún aftur komin í Kópavog og sást 9 sinnum fram í lok júlí. Á tímabilinu ágúst-desember sást hún þrisvar við Seltjarnnes og á tímabilinu febrúar-júní sást hún þrisvar við Viðey.

Kollurnar fimm sem báru senditæki voru einnig staðbundnar. Þær yfirgáfu vaðið upp úr miðjum júní, sú fyrsta líklega sama dag og hún var merkt. Hugsanlegt er að hún hafi yfirgefið hreiður sitt í geðs-hræringu eftir merkinguna því hún sást ungalaus um miðnætti merkingardags og aldrei með unga allt sumarið. Hinar kollurnar komu upp ungum, en voru allar búnar að missa þá í byrjun júlí. Daglegar athuganir fram í lok júlí sýndu að kollurnar héldu sig á svæðinu frá Lambhúsatjörri á Álftanesi að Hvaleyrarlóni í Hafnarfirði. Á 4. mynd er yfirlit yfir ferðalög þessara kollna, en jarlægð frá hreiðri að þeim stað sem kollurnar héldu sig var á bilinu 1-11 km með ströndu. Kolla eitt fór á milli Seilu á Álftanesi og Langeyrar í Hafnarfirði, kolla tvö hélt sig á sjónum sunnan Garðakirkju, kolla þrjú fór milli Skógtjarnar og Lang-

3. mynd. Dreifing æðar-kollna ($n=223$) úr æðar-varpinu á Bessastaðum, frá júní 1993 fram í maí 1994. Stjarna gefur til kynna merkingarstað. Á skyggða rauða svæðinu með strönd Innnesja var lesið á 187 merktar æðarkollur. Punktarnar tákna álestra utan Innnesja. Ekki var lesið á merki hjá fjórum kollum og eru þær auðkenndar með þríhyrningi. – *The distribution of female Eiders ($n=223$) from the Eider colony at Bessastaðir from June 1993 to May 1994. A star represents the ringing site. On the red hatched area along the coastline a total of 187 tagged females were seen. Red dots represent sightings of tagged females outside the Innnes area. Four tagged females were not read, their location is indicated with a triangle.*





4. mynd. Ferðir æðarkollna sem báru senditæki. Stjarna gefur til kynna merkingarstað. Kollurnar náðust allar 16. júní 1993. Rauðir punktar sýna staðsetningu kollna með senda og dagar frá merkingardegi eru sýndir. – *Movements of females with radio transmitters. The ringing site is symbolised with a star. The females were all caught on the 16 June 1993. Red dots show the locations of females with transmitters and dates from the day of capture are shown.*

eyrar, kolla jögur milli Skógtjarnar og Hvaleyrarlóns og kolla fimm var mestallan tímann við ós Skógtjarnar. Út frá athugunum okkar getum við ekki sagt nákvæmlega til um hve langan tíma ferðalög kollnanna tóku því tíðni athuganna var ekki nægjanleg. Tvær athuganir á tæpum sólarhring sýndu að kolla tvö sem lá á hreiðri sínu um kl. 14 fyrri daginn var komin með unga sína á sjó suður af Garðakirkju á hádegi daginn eftir, en það eru um 9 km sjóleiðina. Hugsanlegt er að hún hafi stýtt sér leið yfir land, frá Lambhúsatjörn, yfir veg á Skógtjörn og yfir Hliðsnes, en þá er leiðin ekki nema rúmlega 3 km. Kolla fimm hefur þó örugglega farið sjóleiðina því hún sást í Seilu á 7. degi frá merkingu og hefur væntanlega verið á leið sinni frá Lambhúsatjörn að Skógtjarnarósi. Kolla jögur og kolla fimm sáust fram eftir hausti, sú fyrrnefnda framundir miðjan nóvember og sú síðarnefnda þar til í lok september. Þær héldu sig þá báðar við Langeyri í Hafnarfirði.

Erfitt er að segja til um tilfærslur vængmerktra kollna frá september 1993 til mars 1994 vegna þess hve hlutfallslega fáar merktar kollur sáust eftir ágústmánuð. Á tímabilinu júlí-ágúst sáust 172 kollur, 46 í september-október, 29 í nóvember-desember og 21 í janúar-mars. Hlutfallsleg dreifing kollnanna var svipuð milli árstíma, flestar héldu sig í nágrenni við varplandið, á svæðinu frá Hvaleyrarlóni í Hafnarfirði að Örfirisey í Reykjavík. Á tímabilinu júlí-ágúst voru á þessu svæði 143 vængmerktar kollur (83% athuganna), í september-október 39 (85%), í nóvember-desember 29 (100%) og í janúar-mars 18 (86%).

Fjöldi og dreifing


Talningar á æðarfuglum síðsumars gáfu upplýsingar um fjölda fugla á ákveðnum svæðum. Með því að telja oftast en einu sinni var hægt að sjá hvort einhverjar breytingar áttu sér stað milli talninga. Í fyrri talningunni í byrjun júlí voru 5344 æðarfuglar á talningarsvæðinu Straumur-Leiruvogur. Mánuði síðar var fjöldinn

kominn niður í 4463 og hafði fuglum því fækkað um 16%. Fjöldi æðarfugla á hverju svæði og dreifingu þeirra má sjá á 5. mynd. Í báðum talningum voru flestir fuglarnir á svæðinu frá Hvaleyrarlóni í Hafnarfirði að Örfirisey í Reykjavík (015-019). Þar voru 3707 fuglar í fyrri talningunni, eða 69% allra fugla, og 3333 í þeirri seinni, eða 75%. Nokkur munur var þó á dreifingu fuglanna því í seinni talningunni hafði fuglum fjölgað í Hafnarfirði að Hliði á Álftanesi (015), en fækkað nokkuð á svæðinu frá Hliði að Örfirisey (016-019). Í seinni talningu hafði fuglum fjölgað í Grafarvogi (021) um leið og þeim fækkaði norðan og vestan Grafarvogs (svæði 020 og 022). Á Reykjavíkurtjörn (017), á svæðinu frá Straumi að Hvaleyri (014) og á svæðinu frá Örfirisey að Grafarvogi (020) voru hlutfallslega fáir æðarfuglar í báðum talningum.

Hlutfall blikja af heildar fjölda var lágt í báðum talningum. Í fyrri talningunni voru þeir 476 eða um 9% (1. tafla) en 314 eða 11% af þeim sem voru greindir í þeirri seinni (2. tafla).

Í fyrri talningunni voru samtals 3145 kollur eða 59% af heildarfjölda. Af þeim voru 797 með unga á móti 2348 án unga. Það samsvarar að um fjórðungur kollnanna hafli verið með unga (1. tafla). Ef flokkur ógreindra fugla í seinni talningunni er undanskilinn var fjöldi kollna 1671 eða 57% af heildarfjölda. Þar af voru 482 kollur með unga en 1189 án unga (2. tafla), sem samsvarar að rúmlega fjórðungur hafi verið með unga. Gera má ráð fyrir að dreifing vængmerktra kollna út frá varpi endurspegli dreifingu kollna almennt. Á tímabilinu júní-ágúst var lesið á 149 vængmerktar kollur á talningarsvæðinu, eða 62% af þeim sem merktar voru. Miðað við það áttu um 2600 kollur (62% af varpstofni) að vera á talningarsvæðinu. Í fyrri talningu sáust því talsvert fleiri en búast mætti við út frá athugunum á vængmerktum kollum.

Fjöldi unga í fyrri talningunni var 1723 sem þýðir að um 32% fugla sem sáust voru ungar (1. tafla). Í seinni talningunni voru 954 fuglar í flokki unga, sem samsvarar



5. mynd. Dreifing æðarfugla tveimur talningum 6.-12. júlí 1993 (hvítar súlur, n=5344) og 5.-10. ágúst 1993 (svartar súlur, n=4462). – *Distribution of Eiders during the two censuses 6–12 July 1993 (white bars, n=5344) and 5–10 August 1993 (black bars, n=4462).*

21% af heildarfjölda fuglanna, en 32% ef ógreindum fuglum er sleppt (2. tafla). Milli talninga hafði flokkuðum ungum því fækkað um 45%. Á tveimur svæðum, 014 og 017, voru allir fuglar greindir og því höfum við upplýsingar um breytingar á ungahlutfalli milli talninga á þeim svæðum. Á fyrrnefnda svæðinu lækkaði ungahlutfallið úr 48% í 46% og á síðarnefnda svæðinu úr 62% í 60% (2. tafla).

Í fyrri talningunni voru 1723 ungar í fylgd með 797 kollum. Hver kolla var því að meðaltali með 2,2 unga. Í seinni talningunni voru greindir 954 ungar í fylgd 482 kollna, en það samsvarar 2,0 ungum á hverja kollu.

Í fyrri talningunni voru 1525 ungar í stærðarflokkum 1-4, eða 89%, þar af flestir af stærðum 3 og 4, eða 1304 (76%). Einungis 198 ungar féllu í stærðarflokka 5-7, eða 11%. Í seinni talningunni voru 954 ungar greindir. Þar af voru 722 flokkaðir til stærðar. Eftir einungis er tekið mið af þessum hópi voru 43 (6%) ungar í stærðarflokkum 1-4 en 679 (94%) í stærðarflokkum 5-7 (6. mynd).

Samanburður við miðsvetrarstofn

Samkvæmt miðsvetrartalningu á fuglum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands á árunum 1991-95 var fjöldi æðarfugla á Innnesjum í desember á bilinu 6900-9300

1. tafla. Niðurstöður talningar á æðarfuglum á Innnesjum 6.-9. júlí 1993. – *Results of an Eider census in the Innnes area 6-9 July 1993.*

Svæði Area	Blikar Drakes	Kollur án unga Females without ducklings	Kollur með unga Females with ducklings	Ungar Ducklings	Samtals Total
014	3	27	25	51	106
015	58	237	115	262	672
016	50	958	138	260	1406
053	50	259	131	275	715
019	94	214	189	417	914
017	0	16	15	51	82
020	4	85	18	44	151
021	72	91	35	84	282
022	19	56	86	210	371
041	126	405	45	69	645
Samtals – Total	476	2348	797	1723	5344

2. tafla. Niðurstöður talningar á æðarfuglum á Innesjum 5.-10. ágúst. – *Results of an Eider census in the Innes area 5-10 August 1993.*

Svæði <i>Area</i>	Blikar <i>Drakes</i>	Kollur án unga <i>Females without ducklings</i>	Kollur með unga <i>Females with ducklings</i>	Ungar <i>Ducklings</i>	Ógreindir <i>Unclassified birds</i>	Samtals <i>Total</i>
014	0	36	22	50	0	108
015	138	446	94	213	414	1305
016	63	179	130	246	295	913
053	36	210	79	142	34	501
019	62	98	47	76	331	614
017	0	5	9	21	0	35
020	1	29	14	25	2	71
021	8	110	33	71	180	402
022	3	39	42	84	90	258
041	3	37	12	26	178	256
Samtals – <i>Total</i>	314	1189	482	954	1524	4463

(3. tafla). Að meðaltali sáust 8076 ± 986 fuglar á svæðinu í talningu, fæstir árið 1993, en flestir árið 1994. Í talningunni 1993 var fjöldi í minna lagi, 4207 fuglar, eða 1147 fuglum færri en í meðalári. Þegar



litð er á miðsvetrartalningar aftur í tímann, til ársins 1972, kemur í ljós að meðaltal miðsvetrartalninga árána 1972-1990 er svipað og fyrir síðustu ár eða 7463 ± 2153 fugl (NÍ, óbirt gögn). Árið 1980 var eina árið á þessu tímabili sem fjöldi æðarfugla sem sást fór yfir 10 þúsund, en það ár sáust um 13.200 æðarfuglar á talningarsvæðinu (NÍ, óbirt gögn).

Dreifing æðarfugla að vetri er ólík því sem gerist að sumri (7. mynd og 3. tafla). Frá Hvaleyrarlóni að Arnarneslæk (015 og 016), þar sem flestir fuglarnir voru í sumartalningunum, voru hlutfallslega fáir fuglar í desember. Í desember var hins vegar áberandi hve margir fuglar voru við Sel-tjarnarnes (019) og einnig virtust þeir halda sig meira inni á Sundum að Geldinganes-eiði (020-021), miðað við að sumri.

Umræða

Merktar kollur

Rannsóknir hafa sýnt fram á að æðarkollur eru mjög heimakærar og kjósa að verpa í sama varpi alla sína tíð. Utan varptíma virðast kollurnar einnig vera í nálægð við varp sitt (Swennen 1990). Athuganir á Bessastaðakollunum styðja þessar niðurstöður því 85% af 219 vængmerktum æðarkollum, sem lesið var á



6. mynd. Stærð æðarunga í talningunum 6.-12. júlí ($n=1723$) og 5.-10. ágúst 1993 ($n=722$). – *The size of Eider ducklings censused 6-12 July ($n=1723$) and 5-10 August 1993 ($n=722$).*

3. tafla. Fjöldi æðarfugla við Innnes í miðsvetrartalningum áráanna 1991-95. – *Number of Eiders in the Innnes area in annual Christmas counts 1991-1995.*

Svæði Area	1991	1992	1993	1994	1995	Meðaltal Average
014	160	180	190	280	320	226
015	1117	1125	549	1072	789	930
016	1231	1029	318	654	870	820
053	942	985	950	1015	825	943
019	1285	2646	2345	3290	2742	2462
020	1170	1218	1070	1340	1323	1224
021	780	1014	920	1005	858	915
017	3	1	1	1	1	1
022	560	573	586	598	450	553
Samtals – Total	7248	8771	6929	9255	8178	8076

tímabilið júní 1993 til mars 1994, héldu sig í um 6 km ráíus frá varpinu.


Tvær ástæður liggja að baki því hversu fáar vængmerktar kollur sáust í vetrarathug-unum. Í fyrsta lagi voru miklu færri athug-anir að vetrinum, u.þ.b. einu sinni í mánuði, samanborið við nær daglegar athuganir til ágústloka. Í öðru lagi töpuðu kollur merkjum er á leið. Tap merkja uppgötvaðist sumarið 1994 þegar merkingum var haldið áfram í Bessastaðavarpinu. Af 101 kollu sem voru handsamaðar 1994 höfðu 18 (18%) verið vængmerktar 1993. Af þeim höfðu 17 (94%) tapað báðum merkjum og 1 hafði aðeins annað merkið. Þessi merk-ingaraðferð er því greinilega ekki mjög varanleg.

Fjöldi og dreifing

Auk þeirra 4000 æðarpara sem verpa árlega á athugunarsvæðinu er ákveðinn fjöldi geldfugla. Gera má ráð fyrir að um 10-33% æðarstofnsins séu geldfuglar, annað hvort ókynþroska fuglar eða fuglar sem verpa ekki (Coulson 1984, Ólafur K. Nielsen 1992). Að hausti má þannig búast við allt að 12 þúsund æðarfuglum á talninga-svæðinu úr þessum vörpum ef miðað er við að 9,8% unga verði fleygir (Baillie 1981). Ef þetta er rétt áætlað er ljóst að í talningum okkar sást ekki nema hluti þeirra fugla sem

búast hefði mátt við. Síðla sumars og fram á haust virðist sem stór hluti blika hafi haldið sig utan talningasvæðisins.

Þegar fyrri talningin fór fram sumarið 1993 var varpi við Faxaflóa líklega víðast hvar lokið eða við það að ljúka (NÍ, óbirt gögn). Flestir blikar hafa verið búnir að yfirgefa vörpin, því þeir halda á brott fljótlega eftir að eggjum hefur verið orpið (Ólafur K. Nielsen 1992). Miðað við jafnt kynjahlutfall æðarfugla má gera ráð fyrir um 6000 æðarblikum á athugunarsvæðinu að hausti. Í seinni talningu sáust hins vegar ekki nema um 5% þeirra, þannig að 95% voru farnir annað. Þeir hópa sig og fella flugjadrir á stöðum þar sem gnótt er af fæðu og truflun lítil. Hópmyndunin byrjar þegar í júní, og þegar líða tekur á júlí eru flestir æðarblikar komnir á fellistöðvarnar. Þegar líður á september og fram eftir október leysast fellihóparnir upp, fuglarnir flytja sig um set og byrja að para sig. Mikilvægustu fellistöðvar æðarfugls hér við land eru meðfram ströndum Faxaflóa, aðallega við utanverðan Borgarfjörð, undan Mýrum og Löngufjörum á Snæfellsnesi. Á þessu svæði halda sig 100-200 þúsund ófleygir æðarfuglar, aðallega blikar, á sumrin (Arnþór Garðarsson 1982). Ekki er vitað um stóra fellihópa við Reykjanes svo líklegt má telja að blikar úr vörpunum við



7. mynd. Dreifing æðarfugla í seinni sumartalningu 5.-10. ágúst 1993 (hvítar súlur, $n=4207$) og í vetrartalningu 25. desember 1993 til 11. janúar 1994 (svartar súlur, $n=6929$). – *The distribution of Eiders censused 5-10 August 1993 (white bars, $n=4207$) and 25 December 1993 to 11 January 1994 (black bars, $n=6929$).*

sunnanverðan Faxaflóa leiti norðar í flóann og út af talningarsvæði okkar.

Mismunandi dreifing æðarfugla í fyrri og seinni sumartalningu er augljós. Mest áberandi er jölgun fugla á svæðinu Hval-eyrarlóni í Hafnarfirði að Hliði á Álftanesi. Frá Bala í Hafnarfirði að Hliði eru líf-
auðugar fjörur (Agnar Ingólfsson 1984) sem nýtast vel æðarfuglum. Hafa ber í huga að æðarfuglar fara um í hópum og því getur tilflutningur eins hóps rá einu svæði til annars breytt myndinni af dreifingu æðarfugla á stuttum tíma.

Æðarkollur voru talsvert fleiri en blikar og athuganir sýna að kollur í jaðrafelli halda sig mikið á talningarsvæðinu. Það felst að einhverju leyti í að kollur með unga halda sig nálægt landi því meginfæða þeirra og unganna eru marflær (Arnpór Garðarsson o.fl. 1980). Athuganir í Bessa-
staðavarpinu sumarið 1993 sýndu að ungar klöktust hjá 95% kollna (NÍ, óbirt gögn). Því vekur athygli að í talningunum voru einungis um 25% kollna með unga þrátt fyrir að varptíma væri lokið og kollur komnar með unga á sjó. Þegar litið er til mikilla affalla ófleygra unga kemur þetta lága hlutfall hins vegar ekki á óvart því þau eru að meðaltali um eða yfir 90% (Milne 1974, Hario & Selin 1991, Swennen 1991) og flestir æðarungar drepast fyrstu 10 dagana eftir klak (Swennen 1991).

Hlutfall kollna með unga var svipað í talningunum tveimur þrátt fyrir að ungum

fækkaði, enda telst kolla með sex unga í fyrri talningu enn kolla með unga þó hún ætti aðeins einn í seinni talningu. Einnig má búast við einhverjum tilfærslum fugla inn og út af svæðinu og þannig komi kollur með unga inn á svæðið um leið og unga-
lausar kollur leita annað. Athuganir okkar sýna þó fram á litlar tilfærslur æðarkollna. Þegar líður á sumar mynda æðarkollur oft sérstaka fellihópa (Arnpór Garðarsson 1982) og því er hugsanlegt að milli talninga hafi sumar ungalausar kollur yfirgefið svæðið og sameinast slíkum hópum.

Í Bessaðavarpinu var meðalfjöldi eggja í fullorpu hreiðri 3.8 ± 0.9 egg ($n=150$). Einn eða fleiri ungar klöktust úr 95% hreiðra ($n=143$) og klaktist að meðaltali 3.1 ± 0.9 ungi úr hreiðri (NÍ, óbirt gögn). Reikna má með að klakárangur hafi verið svipaður í nálægum vörpum. Miðað við 90% afföll unga, einum fyrstu dagana eftir klak, má gera ráð fyrir að ungum á kolla fækki fljótt. Á u.þ.b. 35 dögum fækkaði ungum á hverja kolla þó ekki nema um 29%, úr 3,1 (miðgildi klaks 8. júní) niður í 2,2 (talning 6.-12. júlí). Þessi niðurstaða bendir til að sumar kollur haldi meira í unga en aðrar, eða það sem líklegra er að sumar kollur taki að sér unga, s.k. „reche behaviour“ (Bustnes & Erikstad 1991).

Samanburður við miðsvetrarstofn

Milli seinni sumartalningar og miðs-
vetrartalningar 1993 hafði æðarfuglum

fjölgað um tæplega 65% og því er ljóst að fjöldi fugla hefur komið inn á svæðið annars staðar frá um haustið eða fyrri hluta vetrar. Líklegast er þar um að ræða heimaflugla sem snúið hafa til baka frá fellistöðvum sínum. Samt sem áður sáust ekki nema um 60% þeirra æðarfugla sem búast hefði mátt við í miðsvetrartalningunni, því samkvæmt áætlun okkar hefðu allt að 12 þúsund fuglar átt að vera á svæðinu. Þó má gera ráð fyrir að sumir æðarfuglar haldi sig það fjarri landi að þeir komi ekki fram í talningum.

Dreifing fuglanna að vetri var svipuð milli ára þó fjöldi fugla hafi verið breytilegur. Það er áberandi hve margir fuglar eru við Seltjarnarnes, en að jafnaði var þar um þriðjungur þeirra æðarfugla sem sáust. Árið 1991 er þó undantekning því það ár sáust um helmingi færri æðarfuglar á þessu svæði en árin á eftir.

Ljóst er að dreifing æðarfugla að sumri og vetri var mismunandi og erfitt er að segja til um af hverju það stafar. Greinilegt er að fyrstu mánuðina eftir varp, á meðan ungar voru enn litlir, voru svæðin næst varpinu vinsælust, en yfir vetrartímann urðu svæði fjær varpinu vinsælli. Athuganir á fjörugerð og lífríki í fjörum á talninga-svæðinu hafa sýnt að á svæðinu frá Hval-eyrarlóni að Örfirisey eru þangfjörur ríkjandi, ásamt leirum (Agnar Ingólfsson 1977, 1984). Þangfjörunum er kræklingur í töluverðu magni (Agnar Ingólfsson 1977, María B. Steinarsdóttir 1996), en hann er mikilvæg fæða æðarfugls (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980). Á svæðinu frá Straumi að Hvaleyrarlóni er hraunfjara (Agnar Ingólfsson 1984) og þar var ekki mikið af æðarfuglum, hvorki að sumri né vetri. Á svæðinu frá Örfirisey að Grafarvogi hefur fjörinni meira og minna verið raskað af mannavöldum, m.a. vegna uppfyllinga og hafna-framkvæmda og því kom það ekki á óvart að fáir æðarfuglar voru þar að sumri. Erfiðara er að gera sér grein fyrir hvers vegna þeim fjölgaði þar um veturinn, en hugsanlegt er fuglarnir sækja sér fæðu á meira dýpi þar sem botn er óraskaður. Æðarfuglar sækja sér yfirleitt fæðu á innan

við 3 m dýpi, en geta kafað allt niður á 15-20 m (Cramp & Simmons 1977). Við Geldinganes eru fjörur flestar grýttar og brattar og lífríki er þar talsvert. Þar voru hlutfallslega svipað margir fuglar að vetri og sumri.

ÞAKKIR

Aróri Þ. Sigfíssyni, Guðmundi A. Guðmundssyni, Jóhanni Brandssyni, Jóhanni Óli Hilmarssyni, Jóni B. Hlíðberg, Ólafi K. Nielsen og Ólafi Torfasyni færum við bestu þakkir fyrir aðstoð við merkingar. Eftirtaldir aðilar tilkynntu um vængmerkta fugla og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir: Arnór Þ. Sigfússon, Dan el Hansen, Garðar Þ. Magnússon, Gisli Óskarsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Gunnlaugur Pétursson, Halldór Halldórsson, Hallgrímur Gunnarsson, Haukur Jóhannesson, Jan Nap, Jóhann Óli Hilmarsson, Jón P. Ásgeirsson, Jón Guðmundsson, Jón I. Jónsson, Júlía Levi Gunnlaugsdóttir Björnsson, Kolbeinn Sæmundsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur Torfason og Pétur O. Þórðarson. Hjálparsveit skáta í Kópavogi lánaði bát í seinni smartalningu.

Ólafur K. Nielsen las yfir handrit og færði margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Agnar Ingólfsson 1977. Rannsóknir í Skerjafirði. II. Lífríki fjöru. – Fjölrit Líffræðistofnunar Háskólans nr. 10.
- Agnar Ingólfsson 1984. Lífríki fjöru á svæðinu frá Höfnum að Kjalarnesi með tilliti til staðsetningar á verksmiðjurekstri. – Líffræðistofnun Háskólans, óbirt skýrsla.
- Arnþór Garðarsson 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. I: Arnþór Garðarsson (ritstjóri). Fuglar. – Rit Landvendar 8: 77-116.
- Arnþór Garðarsson, Ólafur K. Nielsen & Agnar Ingólfsson 1980. Rannsóknir í Öndarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. – Fjölrit Líffræðistofnunar Háskólans nr. 12.
- Asbirk, S., L. Berg, G. Hardeng, P. Koskimies & Æ. Petersen 1997. Population sizes and trends of birds in the Nordic countries 1978-1994. – TemaNord 1997:614, Nordic Council of Ministers.
- Baillie, S.R. 1981. Population dynamics of the Eider (*Somateria mollissima*) in North-east Scotland. – Ph.D. ritgerð, University of Aberdeen.
- Bustnes, J.O. & K.E. Erikstad 1991. The role of failed nesters and brood abandoning females in the crèche system of the Common Eider *Somateria mollissima*. – Ornis Scand. 22: 335-339.
- Coulson, J.C. 1984. The population dynamics of the Eider Duck *Somateria mollissima* and evidence of extensive non-breeding by adult ducks. – Ibis 126: 525-543.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. Handbook

- of the Birds of Europe, the Middle East and North Africa. The Birds of the Western Palearctic. Volume 1. Ostrich to Ducks. – Oxford University Press. Oxford.
- Fjeldsø, J. 1977. Guide to the Young of European Precocial Birds. – Skarv Nature Publications, Denmark.
- Hario, M. & K. Selin 1991. [Where have all the Eider ducklings gone?] – Suomen Riista 37: 35-43. (Å finnsku með enskum údrætti).
- Heubeck, M. 1987. Changes in the status of the Common Eider in Shetland, 1977-1984. – Scott. Birds 14: 146-152.
- Kristinn H. Skarphéðinsson 1994. Tjón af völdum arna í æðarvörpum. – Umhverfissráðuneytið.
- María Harðardóttir, Jón Guðmundsson & Ævar Petersen 1997. Þyngdartap æðarkolla *Somateria mollissima* á álegutíma. – Bliki 18: 59-64.
- María B. Steinarsdóttir 1996. Kortlagning á staðháttum og lífríki í fjörum Seltjarnarneskaupstaðar. – 5 eininga verkefni til B.S. prófs við Lffræðiskor Háskóla Íslands.
- Milne, H. 1974. Breeding numbers and reproductive rates of Eiders at the Sands of Forvie Nature Reserve, Scotland. – Ibis 116: 135-154.
- Ólafur Einarsson 1997. Fuglalíf þerney á Kollafirði. – Unnið fyrir Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar. NÍ-97019.
- Ólafur K. Nielsen 1992. Tjarnarfuglar. Í: Ólafur K. Nielsen (ritstjóri). Tjörn in. Saga og lífríki. – Reykjavíkurborg 1992.
- Swennen, C. 1990. Dispersal and migratory movements of Eiders *Somateria mollissima* breeding in the Netherlands. – Ornis Scand. 21: 17-27.
- Swennen, C. 1991. Fledgling production of Eiders *Somateria mollissima* breeding in the Netherlands. – J. Orn. 132: 427-437.
- Ævar Petersen 1983. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. – Bliki 2: 28-42.
- Ævar Petersen 1985. Dýralíf Innnesja. – Bls. 37-52 í: Kristbjörn Egilsson (ritstjóri), Innnes, Náttúrufar, minjar og landnýting. – Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir Staðarvalsnefnd.
- Ævar Petersen & Árni Davíðsson 1992. Fuglalíf Bessa- staða og nágrennis. – Óbirt skýrsla fyrir Bessa- staðanefnd.

SUMMARY

Dispersal of Common Eiders from their nesting colony

Studies on the ecology of Common Eiders *Somateria mollissima* were initiated at Bessastaðir, Álfanes, SW-Iceland (64°07'N, 22°00'W) in 1993. This paper describes one part of the studies, the movements and distribution of Eiders in summer. The aim of study was to see where and how far the female Eiders dispersed from the Bessastaðir Eider colony. Eiders were also counted to see how many were in the area and to compare the number of Eiders during summer and winter.

In June 1993 a total of 245 nesting female Eiders were captured in the Eider colony at Bessastaðir. They were all marked with metal rings and wing tags (patagial tags, 34×74 mm) on both wings. Each bird had a unique symbol on its wing tags (Fig. 1). Five birds were also provided with tail mounted radio transmitters (Biotrack TW-3).

From the middle of June until the end of August 1993 we searched almost daily for female Eiders with wing tags along the coast near the colony. In July and August we carried out two extensive searches for tagged birds along the coast from Miðsandur in Hvalfjörður (64°24'N, 21°28'W) to Garður on Suðurnes (64°04'N, 22°39'W). In July and August we also counted Eiders twice along the coast between Straumur and Leiruvogur, during 6-12 July 1993 and 5-10 August 1993 (Fig. 2). The birds were classified into five categories: males, females without ducklings, females with ducklings, ducklings, and unclassified birds. The age of the ducklings was estimated according to Fjeldsø (1977). The census area was divided into 10 sub-areas (Fig. 2) in accordance with the annual Christmas counts organised by the Icelandic Institute of Natural History (Ævar Petersen 1983). Birds with radio transmitters were tracked every day until the transmitters fell off during the moult in late July. From September 1993 until March 1994, we searched for females with wing tags about once a month in the Innnes area (Fig. 2).

Altogether 91% of the tagged Eider females were resighted after they left the colony from June 1993 until the breeding season 1994. Most of them, 85%, were in areas 015-019 (Fig. 2), and the first three months after ringing their distribution ranged from Vogar (63°58'N, 22°22'W) on Suðurnes, to Miðsandur (64°24'N, 21°28'W) in Hvalfjörður. During the winter one bird was observed in Hafnir (63°57'N, 22°41'W) on Suðurnes (Fig. 3). Our study indicates that movements of post-breeding adult females are not extensive, as females that we saw more than once, were most often seen within 6 km radius from the breeding colony.

The 5 females with radio transmitters were very site faithful. They left the colony after mid June, and all of them had lost their ducklings in the beginning of July. The females did not move far from the nesting colony. The locations are plotted in Fig. 4. The travelling distance of females was up to 11 km along the coast.

In the first census 6-12 July 1993 there were total 5344 Eiders in the area (Table 1). A month later (5-10 August) 4463 were counted (Table 2). The number of Eiders in each sub-area and their distribution is shown in Fig. 5. In both censuses the Eiders were mainly seen in areas 015-019, 69% in July, and 75% in August. The distribution of Eiders changed slightly between censuses (Fig. 5). The largest change in number of Eiders was in area 015, from 672 to 1305 (Table 2).

In both censuses few male Eiders were seen. In July 9% of the birds were adult males, and 11% in August. In July 59% of the birds were females, and in August 57% if unclassified birds are excluded. In both censuses about 25% of the females had ducklings.

There were 6929 Eiders in the census area in December 1993 (annual Christmas count, unpubl.). The number of Eiders in the mid-winter counts 1991-1995 ranged from 6900 to 9300, the mean was 8076 (Table 3). The distribution of Eiders along the coast differed markedly between summer and winter (Fig. 7). During winter 63% of Eiders were found in areas 019-021, but only 26% during summer. In summer they were mainly found in areas 015-016, where 53% were seen, but during winter there were only 13% seen in those areas.

Female Eiders show a strong fidelity to their breeding colony, and stay during the non-breeding season in the general vicinity the colony (Swennen 1990). Our research gave the same results, as 85% of 219 female Eiders which were observed during June 1993 to March 1994 were within 6 km radius from the colony.

We estimated that about 4,000 pairs breed in the area from Leirárvogur to Straumur (based on Ævar Petersen 1985, Ævar Petersen & Árni Davíðsson 1992, Ólafur Einarsson 1997) and a study of Eiders at Coquet Island, Northumberland, indicated that 10-30% of the population are non-breeders (Coulson 1984). According to this we estimated that in autumn about 12,000 Eiders could be in the census area. We only found a portion of that number. The majority of male Eiders

migrate out of the census area before the end of June. The most important moulting areas for Eiders in Iceland are in the northern part of Faxa lói 50 km north of sandy area, where 100,000-200,000 birds, mainly males, moult in summer (Arnþór Garðarsson 1982). Our studies indicate that most of the female Eiders stay in the study area during the moult. Females leading broods feed in the intertidal zone (Arnþór Garðarsson et al. 1980). The number of Eiders increased by nearly 65% between August and December, probably because moulting birds returned from their moulting areas.

The distribution of Eiders in summer and winter probably reflects their food requirements and feeding opportunities. During summer Eiders were found by the shore near the nesting colony in relatively sheltered places where feeding is good for the ducklings. In winter they were found by more open coasts as for instance near the Seltjarnarnes peninsula where mussels are abundant.

Marta Harðardóttir, Ólafur Einarsson & Ævar Petersen. Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, pósthólf / P.O.Box 5320, 125 Reykjavík.

Fuglamerkingar á Íslandi árið 1996

Undanfarin ár hafa birst í Blika stutt yfirlit um fuglamerkingar (Guðmundur A. Guðmundsson 1995-1996). Nú verður fítt upp á þeirri nýbreytni að birta töflu yfir merktu fugla á árinu og heildartjölda merktra frá upphafi. Þetta er unnt vegna nýrrar samantektar um fuglamerkingar á Íslandi 1921-1995 sem birtist í þessu hefti Blika (Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998). Innan skamms verður vonandi hægt að birta hliðstætt yfirlit yfir endurheimtur fuglamerkja frá upphafi og jafnframt að gera grein fyrir hve mörg merki endurheimtast árlega. Til þessa hafa endurheimst liðlega 28.000 fuglar af þeim 421.000 sem merktir hafa verið hér á landi, eða 6,6%. Þar af hafa 4400 komið fram erlendis. Að auki hafa Náttúrufræðistofnun Íslands borist upplýsingar um rúmlega 1800 erlend fuglamerki

sem fundist hafa hérlendis. Tölvuskráning endurheimtugagna frá upphafi er langt á veg komin. Mikið gagnasafn biður því úrvinnslu, en vonir standa til að í auknum mæli verði hægt að birta niðurstöður og samantektir byggðar á upplýsingum frá íslenskum fuglamerkingum.

Merkingar

Alls skiluðu 43 aðilar inn merkingaskýrslum fyrir árið 1996, jafnmargir og 1995. Alls voru merktir 16.363 fuglar og er það vel yfir meðaltali síðustu 10 ára (1986-95: 13.593 fuglar). Þar með hafa rúmlega 421 þúsund fuglar verið merktir á Íslandi (1. tafla). Övenjúlitið var merkt af fullvöxnum fuglum á árinu, eða aðeins 28% af þeim sem merktir voru (samanborið við 42%

Tegund Species*	Merkingar árið 1996 Birds ringed 1996			Frá upphafi Since 1921
	Fullvaxnir Fullgrown	Ungar Unfledged	Samtals Total	
Lómur	0	9	9	297
Fýll	260	135	395	24607
Skrofa	0	3	3	331
Stormsvala	0	1	1	2763
Sjóswala	1	35	36	3312
Dílaskarfur	0	176	176	2733
Hnúðsvanur	1	0	1	1
Álft	212	265	477	4233
Heiðagæs	117	324	441	10570
Grágæs	20	125	145	1898
Kanadagæs	1	0	1	1
Rauðhöfðaðind	1	22	23	2044
Urtönd	0	29	29	1064
Stökkönd	4	85	89	1411
Æður	433	37	470	8523
Æður eldisungar	0	470	470	3484
Straumönd	0	2	2	122
Hávella	10	0	10	1394
Toppönd	2	0	2	369
Haðm	0	3	3	138
Smyrill	6	13	19	899
Fálki	0	38	38	909
Rjúpa	306	222	528	5339
Tjaldur	35	314	349	4068
Sandlóa	4	220	224	4414
Heiðlóa	2	208	210	6621
Sanderla	197	0	197	869
Sendlingur	1	34	35	3346
Lóupræll	0	48	48	5407
Hrossagaukur	10	132	142	4133
Jaðrakan	1	30	31	279
Spói	2	138	140	3375
Stelkur	20	145	165	4212
Tíldra	3	0	3	3181
Óðinshani	35	12	47	3105
Kjói	0	15	15	563
Skúmur	0	380	380	19207
Hettumáfur	0	459	459	10347
Stormmáfur	0	165	165	1499
Sílamáfur	17	31	48	1827
Svarfbakur	0	3	3	2912
Rita	214	2256	2470	21767
Kría	145	1180	1325	28995
Langvífa	663	520	1183	6558
Stuttnefja	314	38	352	1155
Álka	461	688	1149	5384
Teista	12	436	448	14801
Lundi	502	1226	1728	65970
Snæugla	1	0	1	1
Brandugla	1	6	7	99
Landsvala	1	0	1	4
Þúfuttlingur	8	87	95	10192
Maríuerla	2	112	114	5539
Steinþipill	3	18	21	3824
Svarþróstur	3	0	3	282
Gráþróstur	2	0	2	64
Skógarþróstur	171	649	820	31574
Hrafn	0	23	23	1051
Stari	38	33	71	1230
Barfinka	0	5	5	7
Auðnutittlingur	24	146	170	3087
Snjótitlingur	338	8	346	40428
Aðrar tegundir – Other species	0	0	0	23463
Samtals – Sum	4604	11759	16363	421282

1. tafla. Fjöldi merktra fugla á Íslandi árið 1996 skipt eftir tegundum. Heildarfjöldi merktra fugla á Íslandi frá upphafi er einnig sýndur. – *Number of birds ringed in Iceland in 1996 compared to grand total since 1921. *Species names can be found in an Appendix to the paper by Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998, p. 56 in this issue.*

frá upphafi merkinga). Sextíu og ein tegund var merkt árið 1996 og er það í meðallagi miðað við árin 1986-95, en þá voru að meðaltali merktar 62 tegundir á ári. Þrjár nýjar tegundir bættust við, hnúðsvanur, kanadagæs og snæugla, og er heildarfjöldi fuglategunda sem merktar hafa verið frá upphafi nú 116.

Mest var merkt af ritum (2470), því næst lunda (1728) og krú (1325). Óvenju mikið var merkt af langvíu (1183), þó hlutur þeirra árið 1995 hafi verið enn stærri, og jókst heildarfjöldi merktra langva frá upphafi um 22% á árinu. Álkumerkingar (1149) voru hlutfallslega enn meiri en merkingar á langvíu, því við heildarfjölda bættust 27% á árinu. Merktum rjúpum (528) fjölgaði um 11% og álfum (477) um tæp 13%.

Sem fyrr var skerfur áhugamanna stór. Áhugamenn merktu rúmlega 10.000 fugla (61% af heild) og kann Náttúrufræðistofnun þeim bestu þakkar fyrir gott samstarf. Virkastir áhugamanna á árinu voru Ólafur Á. Torfason, Hafnarfirði (merkti 1937 fugla), Svenir Thorstensen, Akureyri (1680), Óskar J. Sigurðsson, Vestmannaeyjum (1572), Hálfán Björsson, Kvískerjum (571) og Hallgrímur Gunnarsson, Reykjavík (554). Sömu þrír menn skipa sömu efstu sætin árið 1996 og vermdu þau einnig árið 1995.

Endurheimtur

Endurheimtur á árinu virðast slá öll fyrri met, en tilkynningar hafa borist um 1311 merktá fugla sem náðust eða sáust árið 1996. Langflestar endurheimtur eru innlendar eða 1106 og skipa lundar efsta sætið með 414 endurheimtur. Rjúpa var í öðru sæti (137 endurheimtur) og æðarfugl í því þriðja (127). Fregnir hafa borist af 92 fuglum af 18 tegundum sem merktir voru hérlandis en endurheimtust erlendis árið 1996. Flestar voru af álfum (26) og heiðagæsum (19). Einnig hefur verið tilkynnt um 113 erlend fuglamerki sem fundust hérlandis árið 1996.

Þar koma við sögu 17 tegundir, mest grágæsir (31), blesgæsir (21) og álftir (16).

Nokkrar langferðir komust á spjöld sögunnar á árinu. Það sást til sílamáfs með litmerki merkt á Íslandi (nr. 335653) í la Ýounen í Marokkó 27. september 1996 (4137 km frá merkingarstað), aðeins 51 degi eftir að hann var merktur sem fullorðinn í Hafnarfirði. Þetta er þriðji sílamáfurinn frá Íslandi sem fregnir berast af frá Marokkó. Fleiri fuglar af íslenskum uppruna áttu leið um Marokkó á árinu. Maríuerlur hafa vetursetu í vestanverðri Afríku (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1982) og af 30 maríuerlum sem endurheimst hafa erlendis hafa 7 náðst í Afríku. Árið 1996 kom fjórða maríuerlan fram í Marokkó. Þetta var fugl á 1. ári, sem merktur var í Bárðardal sem ófleygur ungi í lok júní 1995 (nr. 974156), en tekinn lifandi og sleppt aftur í Salé í Marokkó 20. maí 1996 (3562 km frá merkingarstað). Fjórði skúmurinn sem endurheimtist við Miðjarðarhaf fannst dauður í Salerno á Ítalíu 4. nóvember 1996 (3319 km frá merkingarstað), rúmum 10 árum eftir að hann var merktur sem ungi á Breiðamerkursandi (nr. 240058). Fram til 1996 höfðu alls 10 stormmáfar endurheimst erlendis. Allir höfðu þeir leitað suður á bóginn og endurheimst í Færeyjum, Skotlandi og á Íslandi. Nú þar svo við að íslenskur stormmáfur fannst á óvenjulegum stað. Lesið var á merki stormmáfs í St. Johns á Nýfundnalandi 23. mars 1996 og reyndist hann vera af íslenskum uppruna, merktur sem ófleygur ungi við Akureyrarflugvöll um miðjan júlí 1990 (nr. 527870). Hann var 2853 km frá merkingarstað.

Landsvala merkt erlendis (Stavanger H598756) náðist í fyrsta sinn á Íslandi. Hún var merkt sem ófleygur ungi í Romsdal, Vanylven í V-Noregi aðeins einum og hálfum mánuði áður en hún náðist hrakin á skipi 42 sjómílu norður af Rauðanúpi 21. október 1996.

Nokkrir gamlingjar náðust á árinu. Af rúmlega 400 endurheimtum lundum á árinu reyndust 3 vera komnir vel yfir þrítugt. Allir voru þeir merktir sem fullvaxnir fuglar (a.m.k. tveggja ára) í varpi í Stórhöfða á árunum 1963-65. Einn náðist í varpinu á Stórhöfða næstum 31 ári frá merkingu og var sleppt aftur með sama merki (nr. 427982), annar var háfaður og drepinn í Sæfjalli á Heimaey rúmum 32 árum frá merkingu (nr. 421171) og sá þriðji var háfaður í Suðurey en sleppt með sama merki

(nr. 419571) 33 árum frá merkingu (þá a.m.k. hálfertugur!). Silfurmáfur fannst dauður við Höfn í Hornafirði 22 árum eftir að hann var merktur sem ófleygur ungi í Hrómundarey á Hamarsfirði (nr. 216958). Loks kom teista í grásleppunet við Flatey á Breiðafirði, sem merkt hafði verið sem ófleygur ungi í Flatey 21 ári áður (nr. 517217).

HEIMILDIR

Guðmundur A. Guðmundsson 1995-1996. Fuglamerkingar á Íslandi 1993; 1994; 1995. – Bliki 15: 61-62; Bliki 16: 66; Bliki 17: 65.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1982. Spörfuglar. Í: Amþór Garðarsson (ritstj.) Fuglar. – Rit Landverndar 8: 181-207.

Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998. Fuglamerkingar á Íslandi í 75 ár. – Bliki 19: 49-56.

SUMMARY

The Icelandic Bird Ringing Scheme 1996

A short overview of the ringing activities in Iceland in 1996 is given, as well as several highlights of the ringing recoveries. Forty-three ringers reported a total of 16,363 birds of 61 species ringed in 1996 (average 1986-95: 13,593 birds of 62 species), where of 4604 were fullgrown and 11,759 unfledged chicks (Table 1; a key to Icelandic birdnames in Table 1 can be found in an Appendix to the paper by Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998, p. 56 in this issue). Voluntary ringers handled as usual great proportion of the birds ringed (over 10,000 or 61% of total). Three new species were added to the list of ringed birds in Iceland; Mute Swan *Cygnus olor*, Canada Goose *Branta canadensis* and Snowy Owl *Nyctea scandiaca*. This brings the grand total of birds ringed in Iceland since 1921 to 421,282 individuals of 116 species.

The species of which highest number of individuals was ringed in 1996 was Kittiwake *Rissa tridactyla* (2470 individuals), second was Puffin *Fratercula arctica* (1728) and third Arctic Tern *Sterna paradisaea* (1325). Unusually many Common Guillemots *Uria aalge* were ringed (1183) increasing the total by 22%. Razorbill *Alca torda* ringing (1149) raised the total by 27%.

Over 1300 recoveries and sightings in 1996 of marked birds have been reported to the Icelandic Institute of Natural History, where of 92 were from abroad. Further 113 recoveries or sightings in Iceland of foreign ringed birds were reported.

Guðm. A. Guðmundsson & María Harðardóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Fuglagáta

7 síðustu fuglagátu (nr. 7) sést aftan á fljúgandi fugl í fjöru. Því miður er ekkert á myndinni sem gefur okkur vísbendingu um stærð fuglsins. Vængir eru nær einlitir, breiðir og stuttir. Bakíð er einlitt og dökkt með grænni sliki. Á gumpnum örlar á appelsínugulum bletti (sést best á neðanverðum gumpi, sbr. spegilmynd). Ef litið er á vinstra vænginn í spegilmyndinni má sjá votta fyrir hvítum vængendum. Það einkenni sem er mest áberandi er breitt og svart band yst á stéli fuglsins. Mjög margar fuglategundir hafa svona stélmynstur og má nefna gæsir, nokkrar vepjutegundir, tildru, spóatíta, jaðrakan og unga máfa. Engir spörflgar hafa svona bak- og stélmynstur og því má strax útiloka stóran meidd fugla. Gæsir gætu komið til greina, en lögun og litur vængja fuglsins á myndinni (breiðir og stuttir með hvíta bletti á endum) útilokar þær, sem og unga máfa. Tildra hefur allt öðruvísi bak- og vængmynstur, spóatíta er með langa og mjóa vængi eins og jaðrakan sem auk þess er með hvíta vængrák. Því koma þessar vaðfuglategundir heldur ekki til greina. Appelsínuguli liturinn á gumpi útilokar raunar þá fglá sem verpa hér á landi að staðaldri.

Nú erum við búin að útiloka flesta fglá, íslenska sem erlenda, nema vepjur. Af vepjum eru all margar tegundir, en aðeins ein þeirra, vepja *Vanellus vanellus*, er með aldökkt bak og vængi. Önnur einkenni vepju eru breiðir og rúnnir vængir, hvítir blettir í vængendum og appelsínugulur litur við gumpinn. Þessi vepja var ljósmynduð í Sandgerði 5. apríl 1997 en með henni voru fjórar aðrar vepjur. Vepjur eru árlegir og fremur algengir flækningar hér á landi sem koma frá Evrópu og sjást þær stundum í



Vepja *Vanellus vanellus*. Sandgerði, 5. apríl 1997. – Yann Kolbeinsson.

hópum. Vepjur hafa nokkrum sinnum orpið á Íslandi. – Yann Kolbeinsson.

Aðeins bárust ritstjórn sjö úrlausnir á fuglagátu nr. 7, sem er þó nærri helmingi meira en síðast! Fjórar þeirra voru réttar (vepja). Aðrir nefndu akurgæs, tildru og sílamáf. Dregið var um vinningshafa og fær Þorlákur Sigurbjörns-son, Langhúsum í Fljótum, eintak af *Blika 19* sent án endurgjalds. Við viljum hvetja lesendur *Blika* til að taka þátt í þessum leik með okkur og senda inn svör. Til mikils er að vinna, því dregið verður úr réttum svörum og einum getspökum þáttakanda sent frítt eintak af næsta *Blika*. Öllum er heimil þátttaka, nema ritnefndarmönnum og ljósmyndara gátunnar. Aðeins þarf að nefna tegundina á myndinni hér fyrir neðan og skífa nafn sitt og heimilisfang undir. Sendið svör til *Blika*, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík, merkt „Fuglagáta 8“. – *Ritstjóri*.



Fuglagáta nr. 8. Greinið tegundina. – *Myste y photo-graph no. 8. Identify the species.*



CONTENTS

Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson: The summer diets of six Icelandic seabird species	1
Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson: Rare birds in Iceland in 1996	13
Gunnlaugur Þráinsson: Magnolia Warbler <i>Dendroica magnolia</i>: new to Iceland	43
Örn Óskarsson: The first Arctic Warbler <i>Phylloscopus borealis</i> recorded in Iceland	45
Brynjúlfur Brynjólfsson & Björn Arnarson: Yellow Warbler <i>Dendroica petechia</i>: new to Iceland	47
Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson: Seventy-five years of bird-ringing in Iceland	49
María Harðardóttir, Ólafur Einarsson & Ævar Petersen: Dispersal of Common Eiders from their nesting colony	57
The Icelandic Bird Ringing Scheme 1996	69
Mystery photograph	72



EFNI

Kristján Lilliendahl og Jón Sólmundsson: Fæða sex tegunda sjófugla við Ísland að sumarlagi	1
Gunnlaugur Þráinsson og Gunnlaugur Pétursson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1996	13
Gunnlaugur Þráinsson: Daggarskríkjur finnast á Íslandi	43
Örn Óskarsson: Norðsöngvari í fyrsta skipti á Íslandi	45
Brynjúlfur Brynjólfsson og Björn Arnarson: Gulskríkja kemur til Íslands	47
Ævar Petersen og Guðmundur A. Guðmundsson: Fuglamerkingar á Íslandi í 75 ár	49
María Harðardóttir, Ólafur Einarsson og Ævar Petersen: Dreifing æðarfugla úr varpi	57
Fuglamerkingar á Íslandi árið 1996	69
Fuglagáta	72